



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. ágúst 2005 - 221. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Sannfærandi sigur á Suður-Afríkubúum í gær


Íslenska landsliðið vann 4-1 sigur á Suður-Afríku á Laugardalsvöllinum í gær og hefur unnið tvo síðustu leiki sína með markatölunni 8-2.



ÍPRÓTTIR 30

Haustlegt kryddbrauð með vænni smjörklípu

Pórey Ploder Vigfúsdóttir, dansnemi við Listaháskóla Íslands, er mikil fyrir að ofnbaka heitan mat og er nýtin á afgangi. Hún gefur lesendum uppskrift að dásamlegu kryddbrauði.



MATUR 40


Lækkum matarskattinn

Lækkun á matarskattinum er sanngjarnasta leiðin til að lækka skatta. Hún nýst öllum - tekjulágum sem efnuðum - en þó hlutfallslega mest þeim sem hafa lágar tekjur og mikla framfærslu. Lækkun matarskattsins er því afar góð aðferð til að auka kaupmátt hjá öldruðum og barnafjölskyldum. Þetta segir Óssur Skarphéðinsson alþingismaður í grein í blaðinu í dag.



UMR/EDAN 24

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTARA SYÐRA Yfirleitt fremur skýjað á landinu og hætt við smá súld eða skúrum með ströndum. Rofar til sunnan og vestan til. Hiti 8-15 stig, hlýjast suðaustan til.

VEÐUR 4

Nýtt Hagkaupsblað fylgir Fréttablaðinu í dag



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON, FORSTJÓRI BAUGS Jón Ásgeir gengur frá Héraðsdómi Reykjavíkur eftir að Baugsmálið var þingfest í gær. Hann segir að margvísleg gögn verði lögð fram við réttarhöldin sem sýni fram á og sanni sakleysi ákærðra.

Allir sakborningar ítrekuðu sakleysi

Ákæra gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs, og fimm öðrum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Verjandi telur að málið taki allt að mánuð í flutningi fyrir dómi. Fjölskipaður dómur dæmir í málinu í undirrætti.

DÓMSMÁL Mál ákærvaldsins gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni forstjóra Baugs, Jóhannesi Jónssyni í Bónus og fjórum öðrum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Pétur Guðgeirsson héraðsdómari setti réttinn en að því búnu rakti Jón H. Snorrason saksóknari ákærurnar í fjórutíu liðum. Sakborningar voru allir viðstaddir og hlýddu á þegar ákæran var lesin upp. Dómari spurði sakborninga hvort ákærurnar væru réttar og svöruðu þeir allir sem einn að þær væru rangar og lýstu sakleysi sínu.

„Þetta tekur fimm ár úr ævi okkar en það er í lagi að lifa með því. Við erum sannfærð um sakleysi okkar,“ sagði Jóhannes Jónsson í Bónus að lokinni þingfestingu málsins.

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, sagði að fyrir dóminn kæmu margvísleg gögn sem sönnuðu sakleysi ákærðra.

Jón H. Snorrason saksóknari vildi lítið tjá sig við fjölmiðla þegar hann gekk úr dómssal og kvaðst láta nægja að fjalla um málið þar.

Dómurinn í Baugsmálinu verður fjölskipaður. Meðdómendur Péturs Guðgeirssonar verða Arngrímur Ísberg héraðsdómari og Garðar Valdimarsson hæstaréttarlögmaður og löggiltur endurskoðandi.

Svonefnt millipinghald verður 20. október næstkomandi, þar verður ákveðið hvenær málið verður tekið fyrir og meðferð þess hefist. Ekki er búist við því að það verði fyrir en í fyrsta lagi í nóvember.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, segir að sakborningar leggi ekki fram gögn til varnar sakborningum fyrir en við upphaf meðferðar málsins.

„Við eigum von á því að aðalmeðferð hefjist annaðhvort í nóvember eða að öðrum kosti í janúar. Ef takast má að ljúka aðalmeðferð málsins fyrir áramót má hún varla hefjast síðar en 15. nóvember.“ Gestur telur að málið geti tekið allt að fjórar vikur í flutningi enda séu málsgögn gríðarleg að vöxtum.

Fjöldi innlendra og erlendra myndatöku-, blaða- og fréttamanna fylgdist með þingfestingu Baugsmálsins í gær og var dómssalurinn þéttskipaður.

- jh / sjá síður 12 og 13

Landnemar á Gaza: Íbúar fluttir með valdi

MIÐ-AUSTURLÖND Ísraelsher tók í gær að flytja íbúa landnema-byggða á Gaza-ströndinni á brott með valdi en frestur þeirra til að taka föggur sínar sjálfviljugir rann út á miðnætti í fyrrinótt. Hermennirnir mættu kröftugum mótmælum íbúanna en ekki kom þó til neinna verulegra átaka. Hins vegar voru flestir í miklu tilfinningalegu uppnámi, bæði landnemar og hermenn. Meira að segja Ariel Sharon forsætisráðherra kvaðst varla hafa getað horft á brottflutninginn ógrátandi.

Undir kvöld var búið að rýma allar landnemabyggðirnar nema þá stærstu, Neve Dekalim.

Á Vesturbakkanum gekk Ísraeli berserksgang og skaut fjóra Palestínumenn til bana í mótmælaskyni við brottflutninginn. Herskákir Palestínu-menn tóku þegar að hefna morðanna í gær með árásum á byggðir landtökumanna á Gaza. Enginn meiddist þó í þeim árásum.

- shg / sjá síðu 4

Mannekla á leikskólum:

Fleira ófaglært fólk ráðið

LEIKSKÓLAR Fjöldi umsókna um störf á leikskólum Reykjavíkurborgar barst Menntasviði borgarinnar í gær að sögn Gerðar G. Óskarsdóttur, sviðsstjóra Menntasviðs.

Enn vantar þó tvo starfsmenn á hvern leikskóla í borginni að meðaltali, en samtals eru milli 140 og 150 störf laus að sögn Gerðar. Hún segir að að öllum líkindum verði að ráða fleira ófaglært starfsfólk til leikskólanna.

Gerður telur þó viðbúið að grípa þurfi til aðgerða á nokkrum leikskólum í Grafarvogi, þar sem ástandið er verst.

- ht / sjá síðu 2

Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík fundaði í gærkvöld:

Samfylkingin býður ein fram

STJÓRNMÁL Á fundi fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í gær var stjórn þess falið að móta hugmyndir um hvernig staðið skuli að framboðsmálum Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrir næstu borgarstjórnarkosningar. Skulu hugmyndir um tilhögun framboðsins lagðar fyrir fulltrúaráðsfund í september. Upphafið að kosningabaráttu Samfylkingarinnar verður á borgarmálaráð-

stefnu sem haldin verður í byrjun september.

„Það stendur ekki annað til en að Samfylkingin bjóði fram sér,“ sagði Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri í kvöldfréttum Sjónvarpsins í gærkvöld.

Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi R-listans, sagði fulltrúaráðsfundinn hafa verið góðan. „Við teljum möguleika Samfylkingarinnar svo mikla að ekki

þurfi að gráta örlög R-listans,“ sagði hann.

Fulltrúaráð Samfylkingarinnar í Reykjavík telur að með ákvörðun félagsfundar Vinstri grænna á mánudag þar sem Vinstri grænir ákváðu að fara fram í eigin nafni, hafi verið bundinn endi á það farsæla samstarf sem félagshyggjufólk hefur haft í Reykjavík undanfarin tólf ár.

- hb / th

11.-21. ÁGÚST
SKÓLA-DAGAR
Í SMÁRALIND

2 dagar í hlaupið

Skráðu þig núna á marathon.is

ÍSLANDBANKA REYKJAVÍKUR MARAÞON 20. ÁGÚST 2005



SPURNING DAGSINS

Kjartan, lætur Clint þig nokkuð róa?

„Ef ég fer ekki að mæta gerir hann það kannski.“

Kjartan Jakob Hauksson hefur róðið í kringum landið undanfarnar vikur. Honum liggur á að ljúka ferðinni því hann á að mæta í vinnu hjá Clint Eastwood í Sandvík.

Undirbúningsvinna fyrir Héðinsfjarðargöng hafin:

Göngin boðin út í janúar

SAMGÖNGUR „Undirbúningsvinna er hafin af krafti og þarna er nú að störfum undirverktaki á vegum Vegagerðarinnar,“ segir Egill Rögnvaldsson, formaður Tækni- og umhverfisnefna Siglufjarðarbæjar.

Þrátt fyrir að útboð vegna umdeilda Héðinsfjarðarganga hafi ekki enn farið fram og sé ekki á áætlun fyrir en í janúar næstkomandi þarf að vinna talsverða undirbúningsvinnu áður en hafist er handa við göngin sjálf. Stefna áætlunar Vegagerðarinnar er því að þær framkvæmdir hefjist í júlí á næsta ári.

Egill segir að mörgu sé að huga áður en hægt sé að byrja að sprengja fyrir göngunum.

„Það þarf að leggja veg að gangannum báðum megin og vinna aðra slíka jarðvegsvinnu. Einnig þarf að grafa alveg inn í bergið svo sá sem verkið hljóti geti farið strax í að sprengja en mér skilst að þetta sé tveggja mánaða ferli. Ekki veitir af ef þarna á að hefja gangnagerðina í júlí.“ - aðe

JARÐVINNA HAFIN Gröfur og jarðýtur hafa hafið undirbúningsvinnu við Héðinsfjarðargöng og stórsér á landinu þar sem þessar þungu vinnuvélar fara um enda fáir farið þar um nema fótgangandi hingað til.



Forseti Kína til Bandaríkjanna:

Fyrsta opinbera heimsóknin

BEIJING AP Forseti Kína, Hu Jintao, fer í opinbera heimsókn til Bandaríkjanna í næsta mánuði. Þetta verður fyrsta opinbera heimsókn forsetans til Bandaríkjanna en hann heimsótti landið sem varaforseti fyrir um þremur árum.

Heimsókn Hu mun eiga sér stað á sama tíma og þjóðirnar tvær vinna saman í því að reyna að sannfæra Norður-Kóreu menn um að láta af kjarnorkuvopnaframlæðslu.

George Bush Bandaríkjaforseti mun endurgjalda heimsóknina síðar á árinu er hann fer í opinbera heimsókn til Kína. - sda

Ráðstafanir í Rússlandi:

Þúsundum fugla slátrað

MOSKVA, AP Rússar hafa slátrað á annað hundruð þúsund fugla sem taldir eru hafa sýkst af fuglaflensu. Óttast er að flensan geti borist þaðan til Vestur-Evrópu en hennar hefur orðið vart í fuglum í Úralfjöllum, á mótum asíska og evrópska hluta Rússlands.

Talið er að sýktar endur hafi flogið til landsins frá Asíu þar sem fuglaflensa er landlæg.

Nái veikin að berast til Evrópu er ekki talin sérlega mikil hættu á að faraldur komi upp í mönnum þar sem H5N1-stofninn smitast illa á milli manna. ■

Ashley Turner:

Lést á varnarliðssvæðinu

LÖGREGLA Unga konan sem lést á varnarliðssvæðinu Keflavíkurflugvelli á sunnudagskvöld hét Ashley Turner og var fædd í Fredrick í Maryland-ríki hinn 20. mars árið 1985. Hún gekk til liðs við bandaríska flugherinn að loknu framhaldsskólanámi.

Ungur liðsmaður flugliðs varnarliðsins er enn í haldi lögreglu grunaður um að hafa orðið Turner að bana. Glæparannsóknardeildir flughers og flota rannsaka nú málið. ■

Íslandsmótið í skák:

Jafntefli í öllum skákum

SKÁK Hannes Hlífar Stefánsson og Stefán Kristjánsson eru enn tveir í efsta sæti á Íslandsmótinu í skák með 5,5 vinninga eftir sjö umferðir.

Öllum sex skákum gærdagsins lauk með jafntefli. Hannes Hlífar gerði jafntefli við Björn Þorfinnsson og Stefán Kristjánsson og Þorsteinn Þorsteinsson skildu jafnir.



Kristín Gísladóttir sjúkráþjálfi aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

Tvo starfsmenn vantar á hvern leikskóla

Þrátt fyrir að fjöldi starfsumsóknna hafi borist Menntasviði Reykjavíkurborgar í gær vantar enn tvo starfsmenn að meðaltali á hvern leikskóla í borginni. Vandamálið felst aðallega í því að aðstoðarfólk og leiðbeinendur hætta störfum.

LEIKSKÓLAR Fjöldi umsóknna um störf á leikskólum Reykjavíkurborgar barst Menntasviði borgarinnar í gær að sögn Gerðar G. Óskarsdóttur, sviðsstjóra Menntasviðs. Enn vantar þó tvo starfsmenn á hvern leikskóla í borginni að meðaltali, en samtals eru milli 140 og 150 störf laus að sögn Gerðar.

Gerður telur þó viðbúð að grípa þurfi til aðgerða á einhverjum leikskólum í Grafarvogi, þar sem ástandið er verst. „Þessi staða hefur áður komið upp og þá hefur verið gripið til þess ráðs að ákveðinn hópur barna verði heima einn dag í senn,“ segir hún.

Að sögn Gerðar hafa flestir leikskólur nógu marga starfsmenn fram til mánaðamóta og vonast hún til þess að fleiri umsóknir berist. Heimildir Fréttablaðsins herma að dæmi séu þó um leikskóla þar sem hefja verði aðgerðir vegna manneklu strax í næstu viku að óbreyttu.

Að sögn Gerðar verður að öllum líkindum að ráða fleira ófaglært starfsfólk til leikskólanna. „Eins og



ELÍSA SNÆBJÖRNSDÓTTIR OG KARÍTAS SVEINSDÓTTIR Hætta fljótlega störfum á leikskólanum Sjónarhóli í Grafarvogi en þær ætla að vera í skóla í vetur. Þær segja námið einu ástæðuna fyrir því að þær hætta störfum, annars hefðu þær gjarnan viljað starfa áfram á leikskólanum.



BARN SÓTT Í LEIKSKÓLANN Tvo starfsmenn vantar að meðaltali á hvern leikskóla í Reykjavík og líkur á því að grípa þurfi til aðgerða á borð við þær að ákveðinn hópur barna þurfi að vera heima dag hvern.

staðan er í dag eru ekki líkur á því að menntaðir leikskólakennarar fást í störfum,“ segir Gerður. Hugmyndum um að ráða til starfa eldri borgara hafi einnig verið velt upp.

„Eftir því sem við komumst næst er vandamálið að aðstoðarfólk og leiðbeinendur hætta störfum,“ segir Þróstur Brynjarsson, varaformaður Félags leikskólakennara. „Lítill hreyfing er hins vegar á faglærðum leikskólakennurum.“

Þróstur segir áhyggjuefni hversu hátt hlutfall starfsmanna leikskóla sé ófaglærður, yfir sextíu prósent starfsmanna eins og staðan sé í dag. „Lögum samkvæmt eiga

hins vegar allir þeir sem sjá um uppeldi og menntun barna í leikskólum að vera til þess menntaðir.“

Þróstur lýsir einnig áhyggjum sínum af því að Kennaraháskólinn hafi þurft að hafna hæfum umsækjendum um inntöku í leikskólakennaranám við skólann.

Byrjunarlaun starfsmanna leikskóla eru mjög misjöfn eftir aldri, menntun og starfsreynslu viðkomandi að sögn Sigurlaugar Gröndal, hjá Eflingu - stéttarfélagi. Lægstu byrjunarlaun aðstoðarmanna nema tæplega 113 þúsund krónum á mánuði.

helgat@frettabladid.is



KOLBRÚN JÓNASDÓTTIR MEÐ SYNI SÍNUM Hefur nokkrar áhyggjur vegna yfirvofandi manneklu á leikskólum í Grafarvogi.

Foreldrar leikskólubarna í Grafarvogi:

Ekki góðar fréttir

LEIKSKÓLAR „Þetta eru ekki góðar fréttir þar sem ég byrja fljótlega í skólanum,“ segir Kolbrún Jónasdóttir, sem á barn á leikskólanum Sjónarhóli í Grafarvogi. Boðað hefur verið til foreldrafundar í leikskólanum á föstudag þar sem mannekla verður rædd.

Kolbrún segist búast við að þau foreldrarinn skiptist á um að vera heima með son sinn

þegar og ef til aðgerða kemur á leikskólanum.

Aðrir foreldrar sem Fréttablaðið ræddi við á Sjónarhóli lýstu einnig nokkrum áhyggjum vegna manneklu í leikskólum í Grafarvogi. „Þá er þó gott að eiga ömmur og afa,“ segir Svandís Björgvinsdóttir, móðir tveggja drengja á leikskólanum.

- ht

39 hrefnur veiddar:

Hrefnuvertið lauk í gær

HVALVEIÐAR Síðasta hrefnan af þeim 39 sem Hafnansóknastofnunin lét fanga þetta sumarið var veidd í gær og er því vísindaveiðum á hrefnu lokið í bili.

Vertið hófst 4. júlí og síðan þá hafa þrjár bátar veitt hrefnu í hafinu í kringum landið: Njörður KÓ, Halldór Sigurðsson ÍS og Dröfn RE.

Í fréttatilkynningu frá Hafnansóknastofnun kemur fram að sýnasöfnun og önnur gagnaöflun hafi gengið vel þótt tíðin hafi verið rysjótt. Hrefnuveiðimenn eru jafnframt ánægðir með hvernig til tókst.

Alls hafa nú 100 hrefnur veiðar veiddar síðan vísindaveiðir hófust sumarið 2003. - shg

Riflega 100 taldir af:

Ofhlöðnum bát hvolfdi

BÓGÓTA, AP Óttast er að yfir hundruð manns hafi druknað þegar bátur, drekklöðnum af innflytjendum, hvolfði á Kyrrahafi.

Svo virðist sem fleyttunni hafi hvolfst fyrir nokkrum dögum 100 kílómetrum vestur af Kólumbíu en fyrst hafi komist upp um málið í gær. Þá fundu fiskimenn frá Ekvador sjö manns sem héldu sér fljótdandi í sjónum með því að halda dauðahaldi í trékassa.

Í bátinum voru 113 ekvadorskir innflytjendur á leið til Bandaríkjanna en aðeins var pláss fyrir fimmtán farþega innanborðs. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

LEITAD AÐ MANNI Lögreglan í Reykjavík lýsti í gær eftir manni sem ekkert hafði spurst síðan 10. ágúst en þá hafði hann ekið frá heimili sínu út á land, að því er talið var. Hann kom svo í leitirnar síðdegis og amaði ekkert að honum.

SJÚKUR MAÐUR SÓTTUR TF-LÍF, stærri þyrila Landhelgisgæslunnar, sótti í gærkvöld mann sem hafði veikt þar sem hann var á ferð um Kringilsárrana, norðan Vatnajökuls. Ekki var nánar vitað um líðan hans þegar blaðið fór í prentun.

ELDUR Í EYFIRSKUM BÍL Um kvöldmatarleytið í gær varð öku maður bifreiðar var við að reykur hafði gosið upp nærri eldsneytistanki hennar en maðurinn var á ferð um Hjalteyrargötu á Akureyri. Hann náði sér í slökkvitæki og slökkti eldinn áður en slökkvilið kom á vettvang.

ÚTLENDINGAR VELTA BÍLUM Bíll valt við Saxhól á Útnesvegi á Snæfellsnesi í gær. Erlendir ferðamenn öku bílnum svo ógátlega en þeir sluppu þó ómeiddir. Þá velti annar hópur útlendra ferðamanna bíl sínum í Ísafjarðardjúpi í gær, við veginn á Kollafjarðarheiði. Enginn slasaðist en bíllinn gjöreyðilagðist.



» Ertu á góðum aldri... ?

...og tilbúin(n) að leggja okkur lið?

Við hjá **Húsasmiðjunni** erum að leita að fólki með reynslu, sem hefur dregið sig í hlé af almennum vinnumarkaði eða vill minnka við sig vinnu. Fólki sem gæti hugsað sér að vinna nokkrar stundir á viku, leggja okkur lið og miðla af áralangri reynslu sinni. Sveigjanlegur vinnutími í boði.

Starfið felst í því að taka á móti viðskiptavinum, hlusta á óskir þeirra og leiðbeina þeim. Við erum að leita að fólki úr öllum greinum atvinnulífsins, þannig að allir koma til greina, jafnt konur, sem karlar. Vinnutími er eftir samkomulagi. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknir berist fyrir **2. sept n.k.**, til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttur, gudrunk@husa.is, Holtagörðum við Holtaveg, 104 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar, www.husa.is

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingavara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanirnar eru átján talsins um land allt. Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 80 þúsund vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni hf. starfa að jafnaði um 700 manns. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi. Í því skyni rekum við Húsasmiðjuskólann þar sem starfsmenn geta valið úr yfir 100 námskeiðum á ári hverju. Einnig er starfandi hjá Húsasmiðjunni öflugt starfsmannafélag sem annast m.a. skemmtanahald, rekstur sumarhúsa og eflingu heilsuræktar starfsmanna.

Velkomin í hópinn!



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 17.08.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	63,68	63,98
Sterlingspund GBP	115,17	115,73
Evra EUR	78,27	78,71
Dönsk króna DKK	10,495	10,557
Norsk króna NOK	9,885	9,943
Sænsk króna SEK	8,379	8,429
Japanskt jen JPY	0,5794	0,5828
SDR	XDR 93,55	94,11

Gengisvísitala krónunnar

109,4952

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Höfundar skýrslu saka Lundúnalögregluna um ósannindi:

De Menezes var haldið föstum

HRYÐJUVERK Brasilíumaðurinn sem breskir lögreglumenn skutu til bana á neðanjarðarlestarstöð í Lundúnum í fyrra mánuði var ekki á flotta þegar hann var skotinn, heldur gekk rólega í gegnum hlið á stöðinni. Hann var heldur ekki klæddur í þykka vetrarúplu, líkt og lögreglan hefur haldið fram, að því er fréttavefur BBC skýrir frá.

Þetta kemur fram í skýrslu lögreglunnar um atburðinn sem leikið hefur verið til bresku sjónvarpsstöðvarinnar ITV. Í henni kemur jafnframt fram að manninum, Jean Charles de Menezes, hafi verið haldið föstum þegar hann var skotinn.

Skýrslan byggir meðal annars á framburði vitna og upptökum úr öryggismyndavélum í lestarstöðinni. Á myndunum sést De Menezes ganga rólega gegnum hlið lestarstöðvarinnar og ná sér í dagblað. Hann hljóp svo í átt að brautarpallinum þegar hann sá lestina nálgast og sat í sæti lestarinnar þegar hann var skotinn.

Lögreglan hefur hvorki viljað tjá sig um skýrsluna né um lekann. Ættingjar De Menezes eru hins vegar að vonum æfir yfir málinu. Sagði lögmaður fjölskyldunnar að í ljósi málsins yrði lögregla að kasta stefnu sinni um að skjóta á grunaða hryðjuverkamenn fyrir róða.



JEAN CHARLES DE MENEZES í skýrslu lögreglu um atburðinn kemur fram að De Menezes hafi hvorki hlaupið undan lögreglu né verið klæddur þykri vetrarúplu.

Stunginn á samkomu:

Munkur myrtur

PARÍS, AP Stofnandi Taize-reglunnar svonefndu, bróðir Roger, var myrtur í fyrirakvöld á bænasamkomu, í Búrgúndarhéraði, Frakklandi, frammi fyrir þúsundum trúðra.

Rúmensk kona hljóp upp að altarinu þar sem munkurinn stóð og lagði hann hnífi margsinnis. Ekki er vitað hvað henni gekk til með verknadnum en hún er þó sögð heil á geði. Hnífinn hafði konan keypt deginum áður þannig að morðið var skipulagt.

Benedikt XVI páfi hefur þegar lýst yfir harmi sínum, svo og Chirac Frakklandsforseti.

Taize-reglan er kristin munkaregla sem leggur áherslu á kyrrð, kærleika og tilbeiðslu. ■

Atvinnuleysi í Bretlandi eykst:

Störfum í iðnaði fækkar

LUNDÚNIR, AP Atvinnuleysi jókst í Bretlandi í júlí, sjötta mánuðinn í röð og er nú hið mesta í heilt ár, samkvæmt tölum frá bresku hagstofunni.

Fjöldi atvinnuleysisbótaþega er nú 866 þúsund og mælt atvinnuleysislutfall er samkvæmt því 2,8 prósent. Atvinnuleysi í Bretlandi er 4,8 prósent, en þá er miðað við alla án atvinnu, hvort sem þeir eiga rétt á atvinnuleysisbótum eða ekki.

Hagstofan skýrir fjölgunina með fækkun starfa í iðnaði en ekki hafa færri starfað við iðnað frá upphafi skráningar 1978.

Prestar við Akureyrarkirkju:

Tveir tilnefndir

EMBÆTTI Valnefnd Akureyrarprestakalls hefur lagt til að séra Óskari Hafsteini Óskarssyni, sóknarprest í Ólafsvík, og Sólveigu Höllu Kristjánsdóttur, guðfræðingi og æskulýðsfulltrúa Akureyrarkirkju, verði veitt embætti presta við Akureyrarkirkju. Umsækjendur voru sjö talsins en biskup Íslands veitir embættin til fimm ára.

Stríðsbörn minnst stríðsloka:

Eyddu æskunni í fangabúðum

KÍNA, AP Á þriðja tug Breta og Bandaríkjamanna sem eyddu fjórum árum af æsku sinni í japönskum fangabúðum í síðari heimsstyrjöldinni heimsóttu fangabúðirnar í gær af því tilefni að sextíu ár eru liðin frá því að þeir voru látnir lausir að stríðinu loknu.

Börnin voru geymd í fangabúðum í vesturhluta Kína í fjögur ár, eða frá því í desember 1941 til 17. ágúst 1945. Alls voru 1500 stríðsfangar í haldi í fangabúðunum sem heimsóttar voru í gær, þar á meðal konur og börn.

Harmi slegnir landnemar fluttir á brott með valdi

Ísraeli myrti fjóra Palestínumenn á Vesturbakkanum í gær og særði tvo til viðbótar. Ekki skarst verulega í odda milli hermanna og landnema á Gaza þótt margir hefðu verið fluttir á brott með valdi.

NEVE DEKALIM, AP Ísraelsher tók í gær að flytja landnema af Gaza-ströndinni á brott með valdi en ekki kom þó til harðra átaka. Ísraelstur landnemi á Vesturbakkanum skaut fjóra Palestínumenn til bana.

Á miðnætti í fyrirakvöld rann út fresturinn sem ísraelska ríkisstjórnin hafði gefið íbúum í landnemabyggðum Gaza-svæðisins til flytja burt með góðu. Í gærmorgun biðu stjórnvöld hins vegar ekki boðanna heldur flyktust 14.000 hermenn inn í sex hverfi gyðinga á svæðinu: Morag, Neve Dekalim, Bedolah, Ganei Tal, Tel Katifa og Kerem Atzmona. Undir kvöld höfðu allar byggðirnar verið rýmdar, nema sú stærsta, Neve Dekalim.

Þótt ekki hafi komið til harðra átaka á milli hermanna og mótmælenda brottflutningsins í gær eins og margir höfðu spáð var dagurinn engu að síður tilfinningaþrunginn. Grátandi fjölskyldur voru dregnar út af heimilum sínum og settar nauðugar upp í flutningabíla, heittrúaðir gyðingar vafðir í bænasjól streittust á móti filefldum hermönnum og í Morag-byggðinni var leikskóli rýmdur.

Versta uppakoman varð hins vegar síðdegis á Vesturbakkanum en þá skaut ísraelskur landnemi fjóra Palestínumenn til bana og særði tvo. Maðurinn er sagður hafa hrifsað byssu af hermanni við vegatálma og skotið tvo palestínska farþega í bíl sínum, en hann starfar sem bifreiðastjóri, og síðan skotið hina tvo sem áttu leið þar hjá. Lögregla náði ekki að yfirbuga



ÓSÁTT VIÐ BROTTFLUTNING Landnemar á Gaza-ströndinni eiga að vonum erfitt með að sætta sig við að þurfa að yfirgefa heimili sín. Flestir eru þó sammála um að Gaza tilheyri með réttu Palestínumönnum.

byssumanninn fyrr en um seinan. Herskár Palestínumenn hefndu árásarinnar strax í gær og skutu á Morag-byggðina. Enginn meisl urðu þó á fólk. Þá kveikti miðaldra kona í sjálfri sér við vegatálma lögreglu á Vesturbakkanum til að mótmæla brottflutningnum og brenndist hún mjög alvarlega.

Ariel Sharon forsætisráðherra sagði á blaðamannafundi

aðgerðirnar þyngri en tárur tæki. „Það er mjög erfitt, meira að segja fyrir mig, að horfa á þetta án þess að tárast.“ Hann skoraði á landnemana að láta af mótþróa sínum. Mahmoud Abbas, leiðtogi Palestínumanna, hvatti sitt fólk sömuleiðis til að sýna stillingu svo að flutningarnir gengju sem greiðlegast fyrir sig.

sveinng@frettabladid.is

BYGGÐIR RÝMDAR

Ísraelskar hersveitir réðust inn í Neve Dekalim og aðrar ísraelskar landnemabyggðir á Gaza í gær til að flytja landnema og föggur þeirra frá svæðinu. Búið er að rýma allar byggðirnar nema eina.



Heimild: AP

VEÐRIÐ Í DAG


ÞEGAR VONIN EIN ER EFTIR

Svo segir í nafni tiltekinnar bókar sem hefur ekkert með veður að gera. Hins vegar er enn von um að fá góðvæði. Vonin er morgundagurinn. Þá gæti orðið bjartvörð víða um land fram eftir degi áður en lægðir helgarinnar fá tekið land. Kæstumst meðan kostur er segir enn fremur í kvæðinu. HELGARVEÐRIÐ Það er helst að sjá að það verði suðvestlæg- ar áttir með skúra- veðri víða um land, sist kannski allra austast á landinu. Vindur verður hægur.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Í dag um hádegi



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	19°C léttskýjað	Paris	29°C hálfskýjað	Alicante	31°C léttskýjað
Ósló	24°C skýjað	Berlín	26°C hálfskýjað	Milano	30°C léttskýjað
Stokkhólmur	28°C hálfskýjað	Frankfurt	27°C hálfskýjað	New York	28°C léttskýjað
Helsinki	19°C léttskýjað	Madrid	30°C hálfskýjað	San Francisco	20°C léttskýjað
London	27°C léttskýjað	Barcelona	27°C léttskýjað	Orlando/Florida	36°C hálfskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Útsölumarkaður

Þjarkur vinnuföt

Smiðjuveg 6 Rauð gata

Smiðabuxur 2500kr Smekkbuxur 1500kr
Regnsett 490kr Barnaregnföt 990kr
Kuldagallar (st152-176) 1990kr (stXXS-3XL) 2900kr
Bolir 490kr Peysur 1400kr Vadstígvél 990kr
Allt Microfleece á 490kr (Peysur og Buxur, börn og fullorðnir)
Og margt fleira..... Finar vörur á frábæru verði

Opið frá 14-18
Mánudag – Föstudag.

Opið til **21** í kvöld

SKÓLADAGAR

11. - 21. ágúst



Pú gætir unnið heilt herbergi!

Í Skóladagaleik Kringlunnar getur þú unnið meðal annars:

- Medion Black Dragon fartölvu frá BT
- Hljómtæki frá Sony Center
- Rúm og skrifborð frá Hagkaupum
- Skólabækur frá Eymundsson
- Skrifborðsstól, skólatösku o.fl. frá Pennanum
- Síma frá Og Vodafone
- Vekjaralukku o.fl. frá Byggt og búið
- Fatnað frá Deres

og fjölda annarra hluta sem eru ómissandi í herbergið og fyrir skólann.

Sjón er sögu ríkari. Komdu við á 1. hæð Kringlunnar og sjáðu herbergið með eigin augum...

Dregið 22. ágúst.

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur	Veitingastaðir og Kringlubíó
Verslanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00	eru með opið lengur á kvöldin.
Ævintýraland	12.00 til 18.30	12.00 til 19.00	12.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00	



KJÖRKASSINN

Eiga Samfylking og Framsókn að bjóða sameiginlega fram til borgarstjórnar?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	36%
Nei	64%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að hækka laun leikskóla-kennara?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Sjö manna fjölskylda frá Kosovo komin til Reykjavíkur:

Fyrstu flóttamennirnir komnir

FJÖLMENNING Fyrstu flóttamennirnir á þessu ári komu til landsins um hádegi í gær en alls verður tekið við þrjátíu og einum á þessu ári.

Þennan fyrsta hóp skipar sjö manna fjölskylda frá Kosovo en hún hefur búið síðustu ár í flóttamannabúðum í Bosnía.

Að sögn Atla Viðars Thorstensen hjá Rauða krossi Íslands er svo von á konum og börnum frá Kólumbíu í næsta mánuði en alls munu tuttugu og fjórir flóttamenn koma þaðan í tveimur hópum.

Reykjavíkurborg mun hafa umsjón með fólkinu fyrst um sinn. Að sögn Drífu Kristjánsdóttur

há velferðarsviði Reykjavíkurborgar munu þeir sem eru á grunnskólaaldri fara í Austurbæjarskóla en þeir sem eru á aldrinum 18 til 23 ára munu nema við nýbúadeild Iðnskólans. Þeir sem eldri eru munu hins vegar læra íslensku og samfélagsfræði í full-orðinsfræðslu en það nám stendur í níu mánuði og er kennt fjórar klukkustundir á dag.

Atli segir að um það bil sextíu sjálfboðaliðar á vegum Reykjavíkurdéildar Rauða krossins muni hafa þann starfa að aðstoða fólkið við að aðlagast aðstæðum hér á landi.

- jse



FLÓTTAMENN KOMA TIL LANDSINS Þrjátíu og einn flóttamaður kemur til landsins á þessu ári og komu þeir fyrstu í gær. Myndin tengist ekki þeim flóttamönnum.

- jse



VÍTISVÉL Lögreglumenn í Dakka skoða sprengju sem var aftengd í borginni í gær.

125 slasaðir:

Tveir létust í árásarhrinu

DAKKA, AP 350 sprengjur voru sprengdar nánast samtímis um allt Bangladess í gær. Tveir eru sagðir látnir og 125 særðir.

Sprengjurnar voru flestar litlar og greinilega ætlað að vekja frekar skelfingu en valda manntjóni. Engu síður lést dráttarmaður hlaupakerru í Chapainawabganj og tíu ára piltur í Savar. Mikil öngþveiti greip um sig í helstu borgum landsins í kjölfar sprenginganna.

Átta manns voru handteknir síðar um daginn en þeir eru sagðir tilheyra íslömskum öfgahópi sem stjórnmöld bönnuðu fyrir nokkru. ■



YFIRHEYSLSA Þessi mynd er tekin af mótmælendum og segir Birgitta Jónsdóttir hana sýna þrjá óeinkennisklædda lögreglumenn yfirheyrja sænskan mótmælenda. „Þeir hótuðu að fara með hann á lögreglustöðina og hengja upp á fótnum ef hann myndi ekki tæma vasa sína viljugur,“ segir Birgitta.

Mótmælendur kæra

Andstæðingar virkjunar og álvers segja lögreglu leggja mótmælendur í einelti og beita þá harðræði. Hyggjast þeir fara fram á opinbera rannsókn á starfsaðferðum lögreglunnar.

LÖGREGLUADGERÐIR Mótmælendur Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði hyggjast í dag leggja fram kæru hjá Ríkissaksóknara vegna framkomu og vinnubragða lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi. Segjast þeir hafa verið lagðir í einelti af einkennisklæddum og óeinkennisklæddum lögreglumönnum og þurft að sæta meðferð sem væru þeir hryðjuverkamenn. Jafnframt hafa þeir falið lögmönnum sínum að and-

mæla úrskurði Útlendingastofnunar um hugsanlega brottvísun þeirra erlendu mótmælenda sem handteknir voru á Austurlandi í þremur lögregluadgerðum á tímabilinu 26. júlí til 4. ágúst en þeir voru 21 talsins.

Birgitta Jónsdóttir, einn talsmanna mótmælenda, segir um helming þeirra erlendu mótmælenda sem handteknir voru á Austurlandi farna úr landi og þeir verði allir horfnir af landi brott um næstu mánaðamót. Brottvísun hafi því engan tilgang annan en að tryggja að þeir geti ekki komið hingað aftur næstu árin.

„Lögregluþyriföld hafa ítrekað brotið grundvallarmannréttindi okkar og því munum við fara fram á að aðgerðir lögreglunnar sæti opinberri rannsókn. Sum okkar hafa verið handtekin fyrir engar sakir og í fyrradag þvinguðu óeinkennisklæddir lögreglumenn sér leið inn í húsnæði í Reykjavík, þar sem hluti mótmælenda hefur dvalist undanfarna daga, með því að hóta að

brjóta upp útidyrnar,“ segir Birgitta.

Gísli M. Auðbergsson, lögmaður á Eskifirði og annar tveggja lögmanna mótmælenda, segir ljóst að lögreglan á Austurlandi hafi einnig gengið hart fram gegn mótmælendum. „Mér finnst fyllsta ástæða til að láta reyna á lögmæti þeirra aðgerða og er ég að undirbúa það,“ segir Gísli.

Katrín Theódórsdóttir, lögmaður eins erlendu mótmælendanna, óskaði í gærmorgun eftir þeim gögnum frá Útlendingastofnun sem úrskurður stofnunarinnar um hugsanlega brottvísun byggir á en segist ekki hafa fengið nein svör. „Jafnframt óskaði ég í gær eftir gögnum frá sýslumannsembættinu á Eskifirði en var tjáð að sökum anna væri ekki hægt að senda þau fyrir en í dag,“ segir Katrín.

Hvorki náðist í yfirmenn Útlendingastofnunar né Þóri Oddsson vararíkislögreglustjóra vegna málsins í gær.

kk@frettabladid.is

Reiðir Nígeríumenn:

Lokuðu dælustöð

NÍGERÍA, AP Hundruð reiðra íbúa þorpa við óshólma Níger-fljótsins í Nígeríu lokuðu einni af dælustöðvum Royal Dutch Shell olíufélagsins á svæðinu í gær og þar með dróst olíuframleiðsla landsins saman um 10.000 föt á dag.

Mikill olíuleki varð á þessum slóðum fyrir hálfu öðru ári og finnst fólkinu skaðabótatilboð Shell heldur snautlegt, en það er rúmlega sextíu þúsund krónur. Talsmenn fyrirtækisins segja hins vegar að bæturnar séu í samræmi við það sem gerist í Nígeríu.

Nígería er langstærsti olíuframleiðandi Afríku og er mestum hluta olíunnar dælt upp við ósa Níger. ■



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI Teiknistofnan Glámu / Kím mun sjá um hönnun á nýjum byggingum á Sólborgarsvæðinu.

Háskólinn á Akureyri:

Samið um nýbyggingar

HÖNNUNARSAMNINGUR Menntamálaráðuneytið hefur samið við teiknistofuna Glámu / Kím um hönnun og undirbúning útboðs vegna áframhaldandi byggingar á húsnæði Háskólans á Akureyri.

Þorsteinn Gunnarsson, rektor háskólans, segir að um sé að ræða fyrirlestrasali, kennslustofur og aðalinngang háskólans á Sólborg, samtals 2.000 fermetra.

„Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir en gert er ráð fyrir því að verkið verði tilbúið til útboðs í mars á næsta ári,“ segir Þorsteinn.

- kk

www.icelandair.is/glasgow

Glasgow



Flug og gisting í tvær nætur

Verð frá 29.900 kr.

Verð á mann í tvíbýli á Jurys Inn Glasgow

16.-18. des., 13.-15. jan., 27.-29. jan. og 10.-12. mars.

Innfalið: Flug, gisting, morgunverður, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

Nú geta handhafar Vildarkorts Visa og Icelandair notað 10.000 Vildarpunkta sem 5.500 kr. greiðslu upp í fargjaldid.



Út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is

Ekkert lát er á róstunum í Írak:

Á fimmta tug Íraka beið bana í árásum

BAGDAD, AP 43 Írakar biðu bana í þremur bílsprengjuárásum í Bagdad í gær og 89 slösuðust. Þetta eru mannskæðustu árásir sem gerðar hafa verið í höfuðborginni í margar vikur.

Allar árásirnar voru gerðar á fjölförnum stöðum á háannatíma. Fyrsta sprengjunni var beint að lögreglumönnum fyrir framan Nahda-rútustöðina í miðborginni en sú næsta sprakk örskómmu síðar í bilageymslu stöðvarinnar en þaðan leggja rútur af stað til Basra og Amarah, tveggja fjölmennra sjáborga. Mikil skelfing greip um sig á stöðinni og mátti sjá limlest lík og stórslasað fólk hvarvetna. Sú þriðja sprakk svo nærri Kindi-sjúkrahúsinnu þegar rúmur hálf tími var liðinn frá tilræðunum en þangað var verið að flytja marga hinna slösuðu.

Enginn hefur lýst ábyrgð á hendur sér en lögregla handtók



ÖNGÞVEITI Tvær sprengjur sprangu í gærmorgun við rútustöð í höfuðborginni í gær og sú þriðja við sjúkrahús. Að vonum greip mikil skelfing um sig hjá borgarbúum.

fjóra menn í tengslum við árásirnar í gær.

Þá dóu þrjár í sprengjuárás í borginni Fallujah síðdegis í gær. Tveir hinna látnu voru börn.

Íraskir stjórnmálaleiðtogar hófu að funda á ný um stjórnar-

skrá landsins eftir að viðræðurnar fóru út um þúfur á mánudagskvöldið. Ná þeir ekki samkomulagi um inntak hennar fyrir næsta mánudag verður þingið leyst upp og boðað til nýrra kosninga. ■

Vinsælu leikföngin

fást í Hagkaupum



**Gerðu
verð-
samanburð**



verð frá
1.199 kr

verð frá
1.299 kr

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

PÖSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680 sími 568 2255
HAGKAUPA



VEISTU SVARID?

- 1 Hvenær verður Menningarmótt haldin í Reykjavík?
- 2 Hvaða þjóðþing heimsóttu ráðamenn Norður-Kóreu í fyrsta skiptið í fyrradag?
- 3 Hvaða fyrirtæki hefur keypt Vélamiðstöðina?

SVÖRIN ERU Á BLS. 46

Rannsókn á tildrögum flugslyssins í Venesúela:

Mengað eldsneyti líklega orsök

MACHIQUES, AP Aðskotaefni í eldsneytistönkum er líklega orsök flugslyssins í Venesúela í fyrradag þegar MD-82-þota West Caribbean Airways fór með 160 manns innanborðs.

Þjörgunarsveitir héldu áfram í gær að leita að líkum og líkamshlutum þeirra sem fórust með flugvélinni, nærri borginni Machiques, skammt austur af kólumbísku landamærunum. Svo virðist sem vélin hafi skolið af fullu afli í jörðina með nefið á undan og því

splundraðist flakið í smátt. Aðkomnan var sögð hrikaleg, blóðugar líkamsleifar lágu eins og hráviði á stóru svæði.

Svörtu kassarnir tveir fundust svo í gær en þeir eru taldir geta gefið mikilvægar vísbendingar um hvað fór úrskeiðis. Vitað er að bilun kom upp í báðum hreyflum vélarinnar nánast samtímis og því beinist grunur sérfræðinga helst að því að aðskotaefni í eldsneytistönkum hafi valdið slysinu. Flugmála-yfirvöld í Panama, þaðan sem vélin



VERKSUMMERKI RANNSÖKUD 152 ferðamenn frá Martiník létu lífið í flugslysinu, auk átta manna kólumbískrar áhafnar.

lagði af stað, segja hins vegar að ekkert hafi fundist athugasvert við eldsneytið á flugvellinum. Þó má vera að mengun hafi komið upp

eftir að bensíni var dælt á tankana. Eins er hugsanlegt að fuglar hafi flogið inn í hreyflana og brotið skrifublóð innan í þeim. ■

ÚTSALA



gorenje ÖRBYLGJUOFN

Verð kr. 9.900

Áður kr. 15.500

RÖNNING

Borgartúni 24 | Reykjavík | Sími: 562 4011 | Óseyri 2 | Akureyri | Sími: 460 0800

LÖGREGLUFRETTIR

RÁÐIST Á MANN Á HVERFISGÖTU Tveggja manna á rauðum bíl er leitað eftir líkamsrás á Hverfisgötu skömmu eftir miðnætti í fyrrakvöld. Flytja þurfti fórnarlamb árársarinnar á slysadeild en hann var illa lemstraður að sögn lögreglu. Virtist hann ekki þekkja árársarinnar en það lá þó ekki ljóst fyrir í gær.

ÁTTATÍU MANNS LEITUÐU SKJÓLS

Tæplega áttatíu manns leituðu skjóls í félagsheimilinu í Vík í fyrrinótt vegna vonskuveðurs. Mjög hvasst var í Mýrdal og þar rigndi mikið í fyrradag að sögn lögreglu. Hreppurinn skaut því skjólshúsi yfir fólkið, þar sem ekki viðraði til tjaldvistar.

ERLENDIR FERÐAMENN VELTU BÍL

Einn erlendur ferðamaður var fluttur á Heilsugæslustöðina á Hvolsvelli þegar bifreið með fjórum ferðamönnum valt skammt innan við Múlakot í Fljótshlíð um hádegisbil á þriðjudag. Meðsl mannsins reyndust minniháttar en bílaleigubifreið ferðamannanna er talin gjörónýtt.

MEÐ AMFETAMÍN Í FÓRUM SÍN-UM

Ökumaður sem stöðvaður var við eftirlit lögreglunnar á Selfossi í fyrradag reyndist hafa þrjú grömm af ætluðu amfetamíni í fórum sínum. Leitað var á manninum og í bíl hans og hann síðan fluttur á lögreglustöðina á Selfossi til yfirheyrslu. Þar gekkst hann við að eiga efnin og var í kjölfarið sleppt.



FYRRVERANDI FORMAÐUR OG RÁÐHERRA ÍHUGAR BORGARMÁLIN Össur Skarphéðinsson sagði að vegna stuðnings og hvatningar fólks ætlaði hann jafnvel að ihuga á næstu vikum hvort borgarmálin heilli.

Össur útilokar ekki borgarstjórástólinn

Vinstri grænir opnuðu fyrir dökkeitt hrossakaupabandalag við sjálfstæðismenn um stjórn borgarinnar og borgarstjórástólinn þegar þeir ákváðu að starfa utan R-listans.

BORGARSTJÓRNARMÁL Össur Skarphéðinsson, fyrrum formaður Samfylkingar, ætlar að ihuga á næstu vikum hvort hann gefi kost á sér sem leiðtoga samfylkingarmanna í borgarmálunum.

„Fólkið sem ég vinn fyrir telur að mín starfsorka og framkoma sem stjórnmalamaður og skoðanir séu þess eðlis að það telji ákjósanlegt að ég vinni fyrir það mikilvæg störf eins og að vera borgarstjóri. En það er ekkert sem ég hef tekið ákvörðun um og er ekki einu sinni farinn að hugsa enn. En það getur vel verið að ég velti því fyrir mér svona á næstu vikum, bara til þess að gleðja menn,“ sagði Össur spurður um málið í Morgunútvarpinu, þætti Fréttablaðsins á Talstöðinni í gær.

Össur ræddi þar um Reykjavíkurlistann og sagði ístöðuleysi og staðfestuleysi flokksmanna Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs hafa birst þegar þeir sögðu sig frá samstarfi um R-listann. Hann sagði vinstrimenn munu hafa skömm af ákvörðun meirihluta flokksmanna Vinstri grænna í Reykjavík, því

með samstarfsslitunum fyrir næstu borgarstjórnarkosningar sé verið opna fyrir þann möguleika að þeir geti farið í „dökkeitt hrossakaupabandalag“ við Sjálfstæðisflokkinn um stjórn borgarinnar og borgarstjórástólinn í sínar hendur.

Össur sagðist hafa verið stuðningsmaður R-listasamstarfs. Hann hafi þó spurt sig af hverju málefni væru ekki rædd. Samstarf félagshyggjuflokksmanna hafi snúist upp í ógöfæld átök um völd og stóla; að því hafi ekki verið stefnt í upphafi. Össur sagði fyrirhugað brotthvarf Vinstri grænna úr R-listanum ákvörðun sem eðsta forysta flokksins hafi átt sinn þátt í. Það hafi sést þegar formaður flokksins Steingrímur J. Sigfússon steig fram og ræddi framboðsmálin: „Hvað þýddi það þegar Steingrímur var sendur svona fram til að verja nýja stefnu? Það þýddi tvennt að mínu viti: Að það var bullandi ágreiningur um stefnuna innan VG og í öðru lagi að hin nýja stefna hefði verið mótuð af eða í samráði við æstu forystu VG.“

gag@frettabladid.is

Ættleiðingar samkynhneigðra para:

Ekkert land heimilar ættleiðingu

RÉTTINDI „Eins og staðan er í dag getum við ekki sent út umsókn um ættleiðingu frá samkynhneigðu pari,“ segir Ingibjörg Jónsdóttir, formaður Íslenskrar ættleiðingar. „Samstarfslönd okkar vinna eftir sinni löggjöf og ekkert þeirra landa sem við erum í sambandi við heimilær ættleiðingar til samkynhneigðra.“

Ríkisstjórnin samþykkti á þriðjudag undirbúning frumvarps sem tekur á réttarstöðu samkynhneigðra. Meðal þess sem leggja á til í frumvarpinu er að heimilær ættleiðingar samkynhneigðra erlendis frá.

Ingibjörg segir samtökin fylgjast vel með málum í Svíþjóð en þar hafa ættleiðingar samkynhneigðra para verið leyfðar um nokkurt skeið. Ein umsókn liggur á borði stærstu ættleiðingarskrifstofunnar þar í landi en sú umsókn hefur



INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR Formaður Íslenskrar ættleiðingar segir ekki mögulegt að senda utan umsókn samkynhneigðs pars um ættleiðingu.

ekki verið send utan þar sem ekkert land hefur fundist sem tekur við henni.

Ingibjörg segist ekki telja að lögleiðing ættleiðinga samkynhneigðra geti haft slæm áhrif á möguleika annarra til að ættleiða börn erlendis frá. Ástæða sé þó til þess að stíga varlega til jarðar, enda málaflökkinurinn viðkvæmur.

- ht

ALLAR GERÐIR AF VÖGNUM
NOTAÐIR OG NÝIR ÁSAMT SÝNINGARVÖGNUM

Tilboðsdagar!

FIMMTUDAG - opið til 20 • FÖSTUDAG - opið til 18

Tilboð!

PALOMINO fellihýsi

Tilboð!

Pállhýsi

Tilboð!

JOINT lágþekjubíll

Tilboð!

TRIGANO tjaldvagn

Tilboð!

Holi - camp ÆGIS tjaldvagn

STÓRLÆKKAÐ VERÐ!
á síðustu vögnunum
ALLT Á AÐ SELJAST!

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR
Verslaðu við traustan aðila!

EYJARSLÓÐ 5-7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is



Vinnur þú Mitsubishi Outlander í dag?

Lokahátíð í dag!

Við þökkum frábærar viðtökur við Vegabréfaleik ESSO í sumar en yfir 14.000 vegabréf eru komin í pottinn. Að því tilefni efnum við til hátíðar á **Ártúnshöfða kl. 16–18** og lækkum verðið á **bensínlítranum niður í 99,90 kr.***. Gestum verður boðið upp á ískalt **Coke** og gómsætar **SS pylsur** ásamt **súkkulaði** og **blöðrum** í tonnavís.

Simmi og Jói munu sjá um **uppboð** á fjölmörgum vörum, s.s. gasgrillum, heimabíóum, kæliskápum svo fátt eitt sé talið. Komdu við á Ártúnshöfðanum og **gerðu góð kaup!**

Dagskrá

- 15.30 Simmi og Jói árita diskinn „Símahrekkir“
- 16.00 Simmi og Jói setja hátíðina. Boðið í grillveislu.
- 16.15 Uppboðið hefst.
- 17.15 Aðalvinningshafar í Vegabréfaleik ESSO dregnir út.
- 17.30 Uppboð heldur áfram.
- 18.00 Hátíðinni lýkur.



*99,90 kr. lítrinn. Eingöngu á ESSO Ártúnshöfða á meðan á hátíðinni stendur.

Lambakjöt

og ekkert
bull
fyrir
Villa
Naglbít

Pegar Villi Naglbítur er búinn að græja kryddlöginn og skera lambakjötið í hæfilega bita setur hann allt í skál og fer svo að gera eitthvað annað næstu 3 tímuna. Síðan þræðir hann kjötið og tilheyrandi grænmeti upp á pinna og grillar á svipstundu.



Grill kebab með kús kús og salati

600 g fituhreinsað lambakjöt, t.d. lambabógur eða fáeinar lærissneiðar, skorið í u.þ.b. 2 1/2 – 3 cm bita
1/2 dl ólífuolía
safí úr einni sítrónu
1 msk. salvía, smátt söxuð
1/2 msk. óreganó (ferskt), saxað
Hoi Sin sósa (kínversk barbecue-sósa, fæst í flestum búðum)
3 msk. sesamfræ

Setjið kjötið í skál ásamt ólífuolíu, sítrónusafa, salvíu og óreganó og látið standa í u.þ.b. 3 klst. Raðið kjötinu upp á pinna og penslið með Hoi Sin sósu og stráðið sesamfræjum yfir pinnana.

Grillið í u.þ.b. 8–12 mín. og snúið nokkrum sinnum á meðan. Borið fram með t.d. kús kús og salati.



lambakjöt – léttur réttur

Uppáhald íslensku þjóðarinnar
Fjöldi uppskrifta á www.lambakjot.is

Rafmagn komið á í Laugarnesskóla:

Rafmagn og sjór í skólann

FRAMKVÆMDIR Kennurum og starfslíði í Laugarnesskóla létti mikið í gær þegar rafmagn komst á í skólanum skömmu fyrir hádegi en þar hafði verið rafmagnslaust í tæpan mánuð.

„Nú hefst upplýst skólastarf,“ sagði Guðmundur Þór Ásmundsson skólastjóri himinlifandi þegar hann kveikti ljósið í skólanum.

„Við vissum það fyrir en það reyndi á fyrst núna að við eigum góða granna sem hjálpa á ögurstundu,“ segir Guðmundur en Laugarlækjaskóli lánaði skólanum húsnæði í rafmagnsleysinu. Fleiri straumar en rafmagn

eiga eftir að koma skólanum að góðu því sjólögn sem sér Húsdýragarðinum fyrir sjó í selalónið liggur undir skólanum. Þegar framkvæmdir hófust við viðbyggingu skólans fór Helgi Grímsson, fyrrum skólastjóri, þess á leit við Orkuveitu Reykjavíkur að fá aflögn úr sjólögninni til að dæla sjó í væntanlegt fiskabúr sem komið verður upp í skólanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



RAFMAGN KOMIÐ Á Guðmundur Þór Guðmundsson skólastjóri var ánægður þegar rafmagn var aftur komið á í skólanum.

Orlofshúsin í Munaðarnesi í Borgarfirði:

Viðvörðun vegna saurgerla í vatni

HEILBRIGÐISMÁL Dvalargestir í orlofshúsunum í Munaðarnesi í Borgarfirði hafa verið varaðir við að drekka neysluvatn í bústöðunum ósoðið. Ástæðan er sú, að nokkurt magn af saurgerlum fannst í vatninu. Reyndist fjöldi þeirra vera yfir þeim mörkum að óhætt væri að neyta vatnsins án þess að sjóða það fyrst. Tilkynningu þessa efnis hefur verið dreift í húsin.

Helgi Helgason heilbrigðisfulltrúi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands staðfesti þetta við Fréttablaðið. Hann segir að fyrsta sýnið hafi verið tekið úr vatninu í byrjun síðustu viku. Þá hafi saurgerlamagnið komið í ljós. Orsökina er ekki kunn, en einhver bilun hefði komið upp í vatnsveitunni. Þar gæti skýringin legið.

„Ef yfirborðsvatn kemst inn í vatnsleiðslur þá er voðinn vís,“ segir hann.



MUNADARNES Viðvörðunarplagg hefur verið borið í hús í Munaðarnesi vegna saurgerlamengunar í neysluvatni.

Annað sýni var tekið í fyrradag, en niðurstöður úr rannsókn á því lágu ekki fyrir í gær. Ekki er

vitað til þess að neinn dvalargesti hafi veikt vegna þessarar mengunar.

- jss

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Gefðu þér tíma í Leifsstöð



Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30

Forðist biðraðir á flugvöllinum

Vegna aukinna öryggisráðstafana á flugvöllum og til hægðarauka hvetjum við farþega til að mæta tímanlega í Leifsstöð þegar farið er úr landi. Við mælum með að farþegar mæti í flugstöðina tveimur klukkustundum fyrir brottför.

Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30 á morgnana í boði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Athugið að innritun í Flugstöðinni hefst kl. 5.00. Tilboðið gildir frá **1. júní - 31. ágúst 2005**

Finnið rúturnar með okkar merki



ferð til fjárlífræðis
frívennan Leifsstöð

STÓÓÓÓR ÚTSALA Á KLETTHÁLSI

Örfá sýnishorn:

MMC Carisma
árg. 01 ek. 47.000
verð 790.000 kr.
verð áður 990.000 kr.

Renault Laguna
árg. 99 ek. 87.000
verð 590.000 kr.
verð áður 850.000 kr.

Toyota RAV4
árg. 97 ek. 110.000
verð 530.000 kr.
verð áður 730.000 kr.

VW Passat 4x4 TDI
árg. 99 ek. 195.000
verð 750.000 kr.
verð áður 990.000 kr.

**VW Golf 4x4 Highline
Varinat**
árg. 03 ek. 71.000
verð 1.390.000 kr.
verð áður 1.560.000 kr.

Suzuki Vitara
árg. 99 ek. 90.000
verð 590.000 kr.
verð áður 790.000 kr.

Hyundai Galloper
árg. 98 ek. 152.000
verð 660.000 kr.
verð áður 890.000 kr.

Kia Sportage
árg. 99 ek. 52.000
verð 650.000 kr.
verð áður 880.000 kr.

Opel Zafira 1,8
árg. 00 ek. 81.000
verð 950.000 kr.
verð áður 1.180.000 kr.

VW Polo
árg. 02 ek. 96.000
verð 680.000 kr.
verð áður 960.000 kr.

MMC Pajero V6 3,0
árg. 97 ek. 162.000
verð 690.000 kr.
verð áður 890.000 kr.

Toyota Corolla
árg. 00 ek. 103.000
verð 690.000 kr.
verð áður 880.000 kr.

Einnig stórútsala hjá:
Söluumboði Heklu á Selfossi , sími 482 1416
Söluumboði Heklu í Reykjanesbæ, sími 420 5000

ÓTRÚLEGT
ÚRVAL
BÍLA

100%
FJÁRMÖGNUN
á völdum
bílum

ALLT AÐ
600 þús.
kr. AFSLÁTTUR



Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Klettháls 11
sími 590 5040
www.bilathing.is



DANIR ÁHUGASAMIR Danska ríkisútlitandi sendi fréttamann á vettvang og var sagt frá dómssálinu í beinni sjónvarpsútsendingu í kvöldfréttatíma þess.

Jón Ásgeir Jóhannesson ákærður fyrir úttektir með greiðslukortum Baugs:

Greiðslukortafærslur birtar með ákæru

BAUGSMÁLID Við þingfestingu Baugsmálsins í gær lagði ákærvaldið fram greiðslukortafærslur og töflur yfir úttektir ákærðra, en þær hafa ekki verið birtar áður.

Jóni Ásgeiri Jóhannessyni er gefið að sök að hafa látið Baug hf. greiða fyrir sig alls um 12,5 milljónir króna með úttektum á Visa og Mastercard greiðslukortum Baugs frá 5. október 1998 til 2. maí 2002. Ákærvaldið telur að um persónulegar úttektir Jóns Ásgeirs hafi verið að ræða og þær óviðkomandi Baugi. Brotið er talið varða við 247 grein hegningarlaga en þar kveður meðal annars á um að refsivert sé að nota peninga annars manns

heimildarlaust í sjálfs sín þarfir. Fram kemur að skuldin hafi verið gerð upp við Baug.

Hæstu einstöku úttektir nema hundruð þúsundum króna en þær lögstu aðeins nokkur hundruð krónum. Samkvæmt úttektarlistunum hefur Jón Ásgeir greitt fyrir föt, veitingar, skyndibita, fatahreinsun, myndbönd, bíóferðir og fleira. Hæsta úttektin nemur á sjöunda hundruð þúsund krónur fyrir föt eða skartgrip í verslun Gucci. Þær lögstu eru greiðslur á skyndibitastöðum sem dæmi, 450 króna úttekt á Kaffi Kjós, 540 króna úttekt hjá Aktu taktu og 370 króna úttekt hjá Borgarnesti á árinu 2001. - jh



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON OG INGIBJÖRG PÁLMAÐÓTTIR Úttektir eru margvíslegar og nema á annan tug milljóna króna en eru gerðar upp við Baug.

Breskir blaðamenn hér á landi:

Fylgjast með Baugsmálinu

BAUGSMÁLID Nokkur fjöldi breskra blaðamanna er hér á landi til þess að fylgjast með Baugsmálinu. Að minnsta kosti fjórir blaðamenn frá helstu dagblöðum Bretlands voru viðstaddir þingsetningu málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og má búast við að umfjöllun þeirra verði töluverð á næstu dögum. Meðal dagblaða sem hafa hér fulltrúa sína eru Financial Times, The Guardian og The Independent.

Bresku blöðin eru að vonum áhugasöm um framvindu málsins enda eru umsvif Baugs allmikil í Bretlandi. Í síðustu viku skrifaði The Guardian, fyrst fjölmiðla, efnislega um ákærurnar gegn Baugi og í júlíbyrjun, skömmu eftir að málið komst í hárnæli, birti The Sunday Times ítarlegt viðtal við Jón Ásgeir Jóhannesson.

- hb



YS OG ÞYS Talsverður fjöldi erlendra blaða- og fréttamanna er staddur á landinu til að fylgjast með hverju fram vindur.



SAKBORNINGAR OG VERJENDUR Lögfræðingar telja að það taki heilan mánuð að flytja málið í réttinum, en stefnt er að því að meðferð þess ljúki fyrir áramót.

Neita sök allir sem einn

Saksóknari ætlar að láta nægja að tjá sig um ákærurnar í dómssalnum. Hann birti reikninga og lista yfir greiðslukortauttektir með þeim í gær. Búist er við að flutningur málsins fyrir dómi taki heilan mánuð en málsgögn eru mikil að vöxtum og vitni mörg. Dómssálið vekur umtalsverða athygli erlendra fjölmiðla.

BAUGSMÁLID „Þetta er ágætur dagur. Þetta tekur væntanlega fimm ár úr ævi okkar. Það er allt í lagi að lifa með því. Við erum sannfærð um sakleysi okkar og lifum samkvæmt því. Þetta heldur ekki vöku fyrir okkur,“ sagði Jóhannes Jónsson, einn sakborninganna sex í Baugsmálinu þegar hann gekk úr dómssal að lokinni þingfestingu málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Allir sakborningar voru við-

staddir þingfestinguna og neituðu sök allir sem einn, Jón Ásgeir Jóhannesson, Jóhannes Jónsson, Tryggvi Jónsson, Kristín Jóhannesdóttir og endurskoðendurnir Stefán Hilmar Hilmarsson og Anna Þórðardóttir.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, segir að gögn til varnar ákærðum verði lögð fram við upphaf málsmeðferðar. Miðað sé við að ljúka meðferðinni um næstu áramót.

Jón H. Snorrason vildi ekki tjá sig um ákærurnar eftir þingfestingu þeirra í gær og kvaðst ætla að láta nægja að fjalla um þær í réttarsal. Hann hefur ekki heldur viljað svara ásökunum sakborninga um afskipti stjórnvalda eða ráðherra af rannsókn eða meðferð málsins.

Við þingfestingu málsins í gær



JÓN GERALD SULLENBERGER Jón Gerald, sem upphaflega kærði Baugsfeðga, mætti í dómssal í gær til þess að fylgjast með framvindu mála.



JÓHANNESS JÓNSSON Í BÓNUS Fjöldi blaða- og fréttamanna var viðstaddir þingfestingu Baugsmálsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

voru í fyrsta skipti birtir reikningar og töflur yfir úttektir ákærðra sem saksóknari telja að mati ákærvaldsins. Meðal þeirra eru 34 færslur sem saksóknari telur ólöglega reikninga Nordica á hendur Baugi vegna kaupna á skemmtisnekkjum á Flórída. Upphæðin nemur alls liðlega 40 milljónum króna eins og fram hefur komið. Reikningarnir eru skýrðir sem umboðslaun, greiðslur fyrir verslunarþjónustu og ráðgjöf.

Meðal gesta í dómssalnum var Jón Gerald Sullenberger, en upphaf lögreglurannsóknar og ákæranna má rekja til viðskipta Baugsfeðga við hann og Nordicafélagið á Flórída.

Í ákærnum eru lán Jóns Ásgeirs, Jóhannesar, Tryggva og Kristínar til sjálfra sín talin nema alls á niunda hundruð milljónir króna frá árinu 1998 til ársins 2001.

johannh@frettabladid.is

DV

Þingmaður barði dyravörð

Vísad út af dansleik

þeirir þegar aðrir þegja!



Baugur fól bresku ráðgjafafyrirtæki að gera úttekt á sakargiftunum:

Segja skýringar á öllum ákæruatriðum

BAUGSMÁLID Breska ráðgjafafyrirtækið Capcon-Argen segir eðlilegar skýringar finnast á öllum ákæruatriðum í Baugsmálinu. Breska fyrirtækið kynnti í gær niðurstöður rannsóknar sem fyrirtækið hefur gert á öllum fjörtíu tölulíðum ákærunnar í Baugsmálinu. Fulltrúi fyrirtækisins sagði málið mjög yfirgripsmikið og á köflum flókið en þegar það sé metið út frá einstökum líðum ákærunnar þá komi í ljós eðlilegar skýringar á öllum hlutum.

„Okkar hlutverk er ekki að dæma menn seka eða saklausa. Við erum einfaldlega að fara í gegnum þau atriði ákærunnar

sem deilt er um og sjá hvort að okkur finnst eðlileg skýring á þeim hlutum. Okkar niðurstaða er sú að það séu eðlilegar skýringar,“ segir Dedro Lo, lögfræðingur og fulltrúi Capcon-Argen.

Á fundinum var gerð ítarleg grein fyrir hverjum ákæruatriði í Baugsmálinu og segir Lo að hún hafi lagt áherslu á að fá skýringar frá hinum ákærðu á vafaatriðum sem hafi í öllum tilfellum reynst fúsir til að veita þær upplýsingar sem hún þurfti til þess að komast að niðurstöðu.

„Stjórn Baugs fól mér þessa vinnu og mér finnst ánægjulegt að hafa komist að niðurstöðu því



DEDRO LO Dedro kynnti niðurstöður sínar í gær og segir eðlilegar skýringar á öllum ákæruatriðum Baugsmálsins.

hér er um að ræða fjörtíu flókna ákæruatriði. Við erum ekki varnaradili eins né neins heldur mátum atriðin hvert fyrir sig og komust

að þessari niðurstöðu. Eina leiðin til þess að skilja efni ákærunnar er að fara ofan í hana með þessum hætti,“ segir Lo.

-hb



Gerber fæst nú í glæsilegum íslenskum umbúðum

**Því lengi býr
að fyrstu gerð**

Heilbrigður vöxtur og þroski byggist að stórum hluta á góðri byrjun, því lengi býr að fyrstu gerð.

Fyrstu árin eru líklega það tímabil í lífi barnsins þíns sem skiptir mestu máli frá næringarlegu sjónarmiði.

Þess vegna vandar Gerber sig við framleiðslu á barnamat, notar eingöngu bestu og hreinustu hráefni sem fáanleg eru ásamt hreinu vatni, aldrei ónáttúruleg litar- og bragðefni og engin rotvarnarefni. Þannig höfum við framleitt barnamat í meira en 75 ár og munum alltaf gera.

Gerber 



HER & NU / SIA

FIMMTUDAGS- TILBOÐ

DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR - SANDALAR

30%

AFSLÁTTUR!

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

PRÉTTILGANGUR ECCO ara LLOYD ZINDA

Toppskórinn

Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109

OPIÐ: MÁN. - FÖS. 12 - 18, LAU. 10 - 16

KRINGLUKRÁIN

Geirmundur Valtrýsson um helgina

Léttir sumarréttir pizzur, salöt, súpur og bökur

Borðapantanir í síma 568 0878 www.kringlukrain.is

Nauðungarflutningar kynlífsþræla til Ástralíu:

Þúsund konur til landsins árlega

SYDNEY, AP Fyrrverandi lögreglu- maður, sem starfaði við að sporna gegn mansali kvenna frá Asíu til Ástralíu, segir að allt að þúsund konur séu notaðar sem kynlífsþrælar í vændishúsum í Ástralíu.

Chris Ellison dómsmálaráð- herra vísar þessu á bug og segir tölurnar ekki í samræmi við upp- lýsingar frá lögreglu.

Á ráðstefnu í síðustu viku, sem markaði upphaf herferðar gegn mansali í landinu, sagði lög- regluamaðurinn fyrrverandi Chris Payne að allt að þúsund konur væru neyddar til þess að starfa í ólöglegum vændishúsum í Ástralíu. Konum sem notaðar



væru sem kynlífsþrælar hefði fjölgað mikið en talið var að þær hefðu verið tvö til þrjú hundruð fyrir áratug.

Skýrsla sem unnin var á veg- um opinberrar stofnunar gegn kynferðislegu ofbeldi staðfestir tölurnar sem Payne styðst við. Í skýrslunni segir að vikulega sé fimmtíu fórnarlömbum mansals bjargað en af þeim tölum megi leiða að árlega séu þúsund konur fluttar nauðugar til landsins og notaðar sem kynlífsþrælar. - sda

ÚR KVÍKMYND UM MANSAL

Kvíkmyndin Lilja4ever, sem kom út 2002, vakti athygli víða um heim á kynlífs- þrælkun og mansali kvenna.

Endurskoðun laga um tæknifrjóvganir í Bretlandi:

Foreldrar fá að velja kyn barns

LONDON Bresk yfirvöld íhuga nú hvort gefa eigi foreldrum sem gangast undir tæknifrjóvgun leyfi til þess að velja sjálfir hvors kyns ófætt barn þeirra verður. Lög um tæknifrjóvganir eru í endurskoðun og af því til- efni sóttust bresk yfirvöld eftir álit almennings á ýmsum um- deildum atriðum, svo sem því hvort foreldrar eigi að fá að velja kyn ófædds barns síns, að því er fram kemur í breska dag- blaðinu The Guardian.

Þá er einnig í umræðunni hvort leyfa eigi samkynhneigð- um konum að gangast undir tæknifrjóvgun, en í skýrslu sem bresk yfirvöld hafa gefið út vegna væntanlegra lagabreyt- inga, er það sögð almenn regla að það sé betra fyrir barn að eiga bæði föður og móður.



VERIÐ ER AÐ ENDURSKOÐA LÖG UM TÆKNIFRÍJÓVGANIR Í BRETLANDI Yfirvöld hafa komið af stað umræðu í samfélaginu um hvort leyfa eigi foreldrum sem gangast undir tækni- frjóvgun að velja kyn ófædds barns síns.

Yfirvöld gerðu könnun fyrir tveimur árum á viðhorfi al- mennings til þess að foreldrar fengju að ráða kyni barns síns. Í

henni kom fram að mikill meiri- hluti var andsnúinn því, nema ef um læknisfræðilegar orsakir væri að ræða. - sda

VIÐ RÝMUM FYRIR NÝJUM HAUSTVÖRUM

VEFNAÐARVÖRUÚTSALAN BYRJAR Í DAG.

GEYSILEGT ÚRVAL AF GARDÍNUEFNUM, DÚKUM, PÚÐUM OG TILBÚNUM GARDÍNUM, MEÐALLT AÐ 50% AFSLATTI. STENDUR AÐEINS Í NOKKRA DAGA.

“FLORENCE” GARDÍNUR MED HÖNKUM ÚR SKINNLIKI

Litir: beige og ljósbrúnt. Stærð: 150 x 245sm



VERÐ ÁÐUR 1.990,- STK.

990,-



VERÐ ÁÐUR 790,- STK.

399,-

CHENILLE PÚÐAR

Stærð 45x45 sm, nokkrir litir.



ALLT Í STÍL Í BARNAHERBERGIÐ

Vönduð bómull, frábær verð! Fáanlegt með „Bubba Byggir“ mynd, „Tweety“ og „Barbie“ Sægurverasett st. 100x140sm+40x60sm, Verð áður 1.490,- Nú **690,-**

Sængurverasett st. 140x200sm+50x70sm, Verð áður 1.990,-Nú **990,-**

Tilb.gardínur st. 140x175sm, 2stk í pakka, verð áður 1.990,- pakkinu Nú **990,-**

Vattstungið rúmteppi st. 100x200sm, verð áður 1.990,-Nú **990,-**

Vögguset verð áður 990,-Nú **499,-**

Teppi st. 80x140 sm, verð áður 1.490,-Nú **690,-**

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

„ORÐRÉTT“

„Ég get alveg viðurkennt það að mér finnst þessi tímasetning á landsleik ekki gáfu- leg.“

EIÐUR SMÁRI GUBJOHNSEN KNATT-SPYRNUMAÐUR Í FRÉTTABLAÐINU.

„Staðan er einfaldlega sú að þau [stúdentar] fá námslán fyrir þessu eins og annarri framfærslu.“

STEFÁN JÓN HAFSTEIN, FORMAÐUR MENNTARÁÐS, Í MORGUNBLAÐINU.

nær og fjær tilveran

ÁSTKÆRA YLHYRA

Í hund og kött

Hundar og kettir eru meðal allra vinsælustu gæludýra en eru þekktir fyrir að koma illa saman og í því sambandi talað um að rífast eins og hundur og köttur. Þessir loðnu vinir okkar hafa þó ekki síður sett mark sitt á málið í forskeytum, sem geta verið býsna forvitnileg. Hægt er að vera hundfúll og hundleiðinlegur, sem þykir ekki eftirsóknarvert, en sumir verða hundgamlir og þá kannski hundvísir líka, þó að viturleiki og aldur haldist ekki alltaf í hendur. Hund-forskeytið leggur þannig áherslu og magnar upp lýsingarorðið sem það fylgir úr hlaði. Hundalógik þykir þó ekki burðug og hundaklyfberi er afar ómerkilegur maður, hundungi. Dýrin tengjast aftur gegnum hundslappadrífu, sem sums staðar er kölluð kattlappadrífa. Forskeyti kattanna virðast hafa öllu meira að gera með eiginleika dýranna, eins og sjá má af því að kettir eru sannarlega kattliðugir. En þá má velta því fyrir sér hvort það sé í rauninni hrósyrdi að segja um náungann að hann sé kattþrífinn, þar sem kattarþvottur er lélegur þvottur. Þetta er hundþvælið, en það verður að taka því eins og hverju öðru hundsbiti.

magnus@frettabladid.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Pétur Pétursson þulur hrósar sigri í „plakatsmálinu“:

Orð Roosevelts um heimför hersins fundin

SAGA Áratuga leit Péturs Péturssonar þular að yfirlýsingu Roosevelts Bandaríkjaforseta, þess efnis að Bandaríkjaher myndi hverfa héðan að loknu stríði, er að mestu lokið. Í skjalasafni bandarískra stjórnvalda hefur fundist afrit af yfirlýsingu forsetans til Alþingis Íslendinga þar sem hann heitir því að herinn yfirgefi Ísland um leið og friður kemst á.

„Ég varð mjög hissa og þakklátur þegar þetta fannst,“ segir Pétur en dóttursonur hans Eypór Gunnarsson fann yfirlýsingu á

veraldarvefnum eftir nokkra leit. „Eypór er ekki orðmargur en afkastamikill ef því er að skipta,“ segir Pétur hróðugur.

Enn er ófundið plakatið sem hengt var upp víða um Ísland en á því var mynd af Roosevelt og bandaríska fánanum auk loforðs forsetans. Pétur hyggst halda vestur um haf til að finna það og til þess notar hann eitt hundrað þúsund króna styrk sem hann hlaut úr Þjóðhátíðarsjóði fyrr í sumar, þótt hann hrökkvi aðeins fyrir annarri leiðinni.

- bps



PÉTUR PÉTURSSON Pétur hyggst afhenda íslenskum stjórnvöldum yfirlýsingu Roosevelts Bandaríkjaforseta og segir málefnið í þeirra höndum.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? EDDA SVERRISDÓTTIR KAUPMAÐUR

Undirbýr kvennaferð til Argentínu

„Ég hef verið að vinna í allt sumar,“ segir Edda Sverrisdóttir, kaupmaður í versluninni Flex, innt eftir tíðindum. „Ég skrapp reyndar á yndislegt ættarmót norður á Akureyri vikuna fyrir verslunarmannahelgi,“ segir Edda en þangað á hún ættir að rekja þótt hún hafi aldrei búið þar. Edda kveður viðskiptin hafa gengið afar vel í sumar og segir Íslendinga hafa verið afar kaupgláða í sumar. „Það er ekki á vísan að róa með erlendu ferðamennina,“ segir Edda sem hefur sínar skýringar á því. „Ég held að við séum að fá of mikið af túristum sem kostar að taka á móti. Margir halda kannski að vegna þess að það er ódyrt að fljúga til Íslands sé allt annað ódyrt. Svo fær fólk áfall þegar það kemst að verðlaginu og hefur ekki efni á að vera hér. Það kostar stórfé að taka á móti svona fólki.“

Edda tekur sér sjaldan frá á sumrin, en reynir frekar að taka sér hvíld frá amstri hversdagsins á vorin eða haustin. Um þessar mundir undirbýr hún ferð íslenskra kvenna sem ætla að sækja ráðstefnu í Argentínu fyrir konur í atvinnulífi. „Það er ekki víst að ég komist sjálf en vonandi get ég farið. Ég hef aldrei komið svo sunnarlega í álfuna áður og það væri ábyggilega spennandi.“



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



ELFAR LOGI í hlutverki Gísla Súrssonar.

Það vissi ég að ég væri vel kvæntur

Elfar Logi Hannesson hefur tileinkað sér einleikjaformið undanfarin ár og gert ævi vestfirska listamanna og skörunga skil með þeim hætti. Muggur og Steinn Steinar fylgdu honum þannig sem skugginn um leikhús landsins en erfiðar gengur honum að hrista af sér Gísla Súrsson sem farinn er að tala ensku og fylgir Elfari Loga til Berlínar í vetur.

„Útlendingarnir sem koma á sýningarnar virðast bara nokkuð vel að sér í Íslendingasögunum,“ segir Elfar Logi Hannesson leikari sem farinn er að bjóða upp á einleik sinn um Gísla Súrsson á ensku. „Þetta segir mér bara það að víkingarnir eru inn í dag, það fer örugglega að þykja töff að ganga um í gærum og munda spjót,“ segir hann kankvís.

Hvað sem því líður þá hafa þýskir leikhúsfrömuðir fallið fyrir sýningunni og mun Elfar Logi því halda til Berlínar í vetur með Gísla í farteskina svo þýskir

leikhúsunnendur fái notið. Reyndar hafa leikhúsfrömuðir annars staðar frá einnig haft samband við Elfar Loga en hann vill sem minnst úr því gera.

Hann rekur einnig kaffi- og veitingahúsið Langi Mangi á Ísafirði og hefur mörgum kaffihúsa-gestanna brugðið við að fá afgreiðslu frá þessum skeggjaða víkingi. Hvernig fer leikhúslífið og veitingareksturinn saman? „Ég hefði aldrei getað gert þetta án konu minnar sem hefur stutt mig í einu og öllu. Oft hefur hún staðið vaktina á Langa Manga meðan ég hef verið að leika þannig að ég segi bara líkt og Gísl sagði á ögurstundu: „það vissi ég að ég væri vel kvæntur ...“

Það er útlit fyrir það að konan þurfi að standa nokkrar slíkar vaktir til viðbótar því Elfar Logi er farinn að huga að enn öðrum einleikum sem hann hyggst frumsýna í febrúar á næsta ári.

Athafnarmaðurinn hefur þó ekki alveg vikið fyrir leikaranum því nýlega keypti hann Félagsheimilið í Haukadal í Dýrafirði og er hann að vinna að endurbótum á húsnæðinu. „Svo er þetta fína svið í Félagsheimilinu svo ætli maður leyfi Gísla ekki að stíga þar á stökk en þá væri hann loksins kominn afur heim,“ segir hann að lokum.

lse@frettabladid.is

FRÍMERKI • UMSLÖG • SEÐLAR • MYNT

Fyrirtækið Thomas Höiland Auktioner A/S í Danmörku er stærsta fyrirtækið á Norðurlöndum með uppboð á frímerkjum og mynt og heldur stór uppboð á hverju ári auk þess að vera stöðugt með uppboð á Netinu.



Dagana 24. og 25. ágúst n.k. munu sérfróðir menn frá fyrirtækinu verða á Íslandi í leit að efni á næstu uppboð.

Leitað er eftir frímerkjum, gömlum umslögum og póstkortum, heilum söfnum og lagerum svo og gömlum seðlum og mynt.

Peir verða til viðtals á Hótel Íslandi, Ármúla 9, miðvikudaginn 24. ágúst kl. 16:00-18:00 og eftir nánara samkomulagi á fimmtudaginn, geta líka komið í heimahús. Það er kjörið tækifæri til að fá sérfræðilegt mat á frímerkjaefni þínu, og til að koma slíku efni svo og gömlum seðlum og mynt á uppboð.

Nánari upplýsingar veitir Össur Kristinsson í síma 5554991 eða 6984991 eftir kl. 17:00 á daginn.

THOMAS HØILAND AUKTIONER A/S

Frímerki • Mynt • Vín • Vopn

Nordre Ringgade 115 • DK-8200 Aarhus N. • Tlf. +45 8612 9350 / +45 4032 4711 / +45 2127 2198
www.thauctions.com • e-mail: tr@thauctions.com

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR



Tölvulistinn er 12 ára!


4 daga afmælisveisla 18-21 ágúst. Frábær afmælistilboð á ferða- og heimilistölvum og allt vaxtalaust. **Is** og **kókur** í boði hússins eins lengi og birgðir endast. Hlökkum til að sjá þig!

0%
VEXTIR
Dagana 18-21 ágúst

Allar tölvur vaxtalaust. Þú velur dreifingu á 3-18 mánuði. Tilboð gilda afmælisdagana 18-21 ágúst

2 MÁN FRITT
Dagana 18-21 ágúst

*Frí 2ja mánaða ADSL áskrift hjá HIVE, ótakmarkað niðurhal, allt að 12Mb hraði og þráðlaus router. Gildir 18-21 ágúst



0%
VEXTIR
7.217

HP nx6125

1.8Ghz AMD Turion64 • 512MB minni
80GB harðdiskur • DVD±RW skrifari
128MB Radeon X300 skjákort
15" SXGA skjár • þráðlaust net
Windows XP PRO

129.900



OPNUNARTÍMAR

18. ágúst	9-19
19. ágúst	9-19
20. ágúst	10-18
21. ágúst	13-17

Tilboð á þessari síðu gilda eingöngu við kaup á nýrri tölvu dagana 18-21 ágúst



Vaxtalaus afmælistilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bæstist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400


KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

*Hive tilboð miðast við að gerður sé 12 mánaða samningur á greiðslukort eða með greiðsluséðli

SVONA ERUM VIÐ

Heyfengur á Íslandi

í rúmmetrum talið Heimild: Hagstofa Íslands



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: SIÐAREGLUR BLAÐAMANNA OG FJÖLMIÐLA

Vinnureglur til að auka traust meðal lesenda

Siðareglur hafa verið nokkuð í umræðunni eftir að Fréttablaðið vék frá reglu sinni um að leyfa ekki yfirllestur með því að heimila lögmönnum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Jóhannesar Jónssonar að lesa yfir viðtöl við feðgana sem birtust í Fréttablaðinu síðasta laugardag.

Hvers vegna siðareglur?

„Blöð setja sér siðareglur til að auka traust sitt meðal lesenda, að það sé hægt að treysta því að það sé vandlega unnið sem er í blaðinu þó það þurfi ekki endilega að vera rétt,“ segir Jónas Kristjánsson, ritstjóri DV, sem samdi siðareglur DV og þar áður siðareglur Fréttablaðsins þegar hann var ritstjóri þess. „Siðareglur eru náttúrulega markmið sem ritstjórnir setja sér um ýmis atriði sem geta verið viðkvæm, ritstjórnir reyna svo að fara eftir þessum reglum þótt það takist kannski ekki í öllum tilvikum.

Eru sömu siðareglur fyrir alla fjölmiðla?

Blaðamannafélag Íslands hefur sett sér siðareglur og geta þeir sem telja fjölmiðla brjóta á sér leitað til sjánefndar félagsins sem úrskurðar hvort um brot sé að ræða. Þessar reglur eru félagar í Blaðamannafélagi Íslands settir undir. Sumir fjölmiðlar ganga lengra og setja sér eigin siðareglur og þær geta verið mismunandi líkt og Jónas Kristjánsson segir frá. „Siðareglur eru ekki eins eftir fjölmiðlum. Siðareglur Fréttablaðsins og DV eru ekki alveg eins en ég reikna með að 90 prósent af efni þeirra sé eins. Ég held að það sé mjög gott fyrir þessa fjölmiðla að hafa siðareglur og væri gott fyrir aðra fjölmiðla að hafa þær líka. Það skiptir máli líka að þetta sé birt, þannig að blöð séu ekki að fara eftir leyningum reglum heldur reglum sem fólk getur nálgast og lesið svo það sjái hvort farið er eftir reglunum eða ekki.“

SPURT & SVARAÐ
VINNUBRÖGÐ FJÖLMIÐLA

ÞORBJÖRN BRODDASON Prófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Tvær hliðar

Er rétt að senda viðtöl úr húsi til yfirllestur?

Á þessu eru tvær hliðar. Því betra tækifæri sem viðmælandi hefur til að bæta textann, því betri ætti hann að verða. Á móti kemur að um leið og viðmælandinn er búinn að fá tækifæri til að fara höndum um textann þá er búið að bjóða heim breytingum. Viðmælandinn hefur ákveðinna hagsmuna að gæta sem fara ekki endilega saman við hagsmuni almennings. Blaðamaðurinn á að miðla upplýsingunum til lesanda og gera það á sem bestan hátt. Málsaðilar eiga ekki að hafa neinn atkvæðisrétt um það. Því ætti almennt ekki að hleypa viðmælandum í efnið, sérstaklega ekki þegar um viðkvæm deilumál er að ræða. **Telurðu að slík vinnubrögð séu algeng á íslenskum fjölmiðlum?** Ég yrði nú bara að giska, en ég hef enga ástæðu til að ætla að Fréttablaðið sé eitthvað sekara í þessum efnun en aðrir miðlar.

Misjafnt hvort fjölmiðlar leyfi að efni sé lesið sé yfir

Dagblöð neita almennt að senda efni út til yfirllestur fyrir prentun. Morgunblaðið gerir undantekningu þegar um meiriháttar viðtöl er að ræða en leyfir ekki miklar breytingar. Viðmælandur tímarita fá oftast að lesa yfir það sem eftir þeim er haft en viðmælandur dagblaða.

Misjafnt er hvaða reglur fjölmiðlar hafa sett sér um hvort efni sé sent út til yfirllestur eða ekki. Þótt flestir prentmiðlar neiti að senda fólki viðtöl eða fréttir til yfirllestur að sögn ritstjóra sem rætt var við heimila sumir þeirra viðmælandum að lesa yfir viðtöl, einkum þau sem geta talist meiriháttar eða persónuleg. Slíkur yfirllestur er algengari hjá tímaritum en dagblöðum.

Flest blöð banna yfirllestur

Af viðtölum við ritstjóra dagblaðanna má heyrja að Morgunblaðið er eitt um að senda viðtöl á viðmælandur til yfirllestur, en þá aðeins meiriháttar viðtöl. Annars gildir sú regla að lesið er upp fyrir fólk það sem eftir því er haft.

„Ef fólk óskar eftir að fá að heyrja hvað er í fréttinni, þá leyfum við fólki að heyrja það. Það fær ekki að hafa ritstjórnarlegt vald um hvort fréttinni er breytt,“ segir Karl Gardarsson, ritstjóri Blaðsins. „Við gefum ritstjórnarvaldið aldrei frá okkur og breyt-

um frétt bara ef það er um klárar rangfærslur að ræða,“ segir Karl og tekur fram að aðeins sé lesið upp fyrir fólk í gegnum síma en ekkert sent úr húsi til yfirllestur.

„Við erum með þá reglu að enginn fái send afrit af óbirtum fréttum, stundum eru lesnir upp kaflar fyrir fólk þar sem er vitnað í það sjálfst svo það eigi leiðréttingu orða sinna. Í þriðja lagi er ekki aflað viðtals með því að gefa kost á ritskoðun viðtalsins. Ég held þetta séu orðrétt sömu siðareglur á DV og eru á Fréttablaðinu að þessu leyti,“ segir Jónas Kristjánsson, ritstjóri DV. Hann segir þess gætt að fræða blaðamenn, meðal annars með vikulegum gæðafundum, svo farið sé eftir þessu. „Ég held við séum ekki í neinum vandamálum af þessu tagi, það er að siðareglurnar eru haldnar.“

„Í okkar vinnureglum kemur fram að það sé sjálfsgagt að lesa tilvitnuð orð fyrir þá sem þau eru höfð eftir, það er hins vegar óheimilt að lesa í heild fréttir, nema það sem haft er eftir viðkomandi,“ segir Ólafur Þ. Stephensen, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins. „Við teljum það í rauninni æskilegt að meiriháttar viðtöl við einstaklinga séu lesin yfir af viðmælandanum. Þetta á alltaf bara við um það sem eftir mönnum er haft, ekki fyrrisagnir, millifyrrisagnir eða innganga.“ Ólafur segir oftast um smávægilegar lagfæringar á texta að ræða en þó séu dæmi um að viðtöl hafi ekki birst í blaðinu vegna þess að viðmælandi hafi viljað breyta því svo mikið að ritstjórn blaðsins hafi ekki séð neina ástæðu til birtingar, það séu þó undantekningartilfelli.

Frekar yfirllestur hjá tímaritum

Meira er um að viðmælandur tímarita en dagblaða fái að lesa yfir viðtöl við sig en misjafnt í hve miklum mæli það er.

„Ef tekið er stórt viðtal við einstakling, persónulegt viðtal, leyfum við fólki yfirléitt að lesa það og þá ekki síst til að tryggja að við séum að fara rétt með,“ segir Reynir Traustason, ritstjóri



ÍSLENSKIR FJÖLMIÐLAR Flest dagblöð banna allan yfirllestur fréttu og viðtala en heimila að lesið sé upp fyrir viðmælandur það sem eftir þeim er haft. Meira er um að tímarit leyfi yfirllestur viðtala en ekki þó þannig að gerðar séu efnislegar breytingar að ráði. Viðmælandum ljósvakamiðla er sagt hvað eftir þeim er haft en fá ekki að hlusta á það eða horfa fyrir birtingu.

Mannlífs. „Almenna reglan er sú að það sem menn hafa sagt stendur. Við látum lesa yfir til öryggis, til að forðast beinar rangfærslur vegna einhvers misskilnings viðmælandans eða þess sem er að taka viðtalið. Það eru hagsmunir blaðsins sem ráða en ekki endilega hagsmunir viðmælandans. Það er aldrei samráð um fyrrisagnir eða hvar í blaðinu efnið er staðsett.“ Hann segir að þegar skrifaðar eru úttektir, nærmyndir eða fréttaskýringar fái enginn að lesa yfir en fólk fái að heyrja hvað eftir því sé haft.

„Við höfum þá reglu að ef viðmælandur óska eftir því að lesa viðtöl yfir fái þeir það,“ segir Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar. „Yfirléitt gengur þetta út á að laga textann. Ef þú ert að velja því fyrir þér hvort menn séu að skipta um skoðun er það yfirléitt ekki.“

Annar veruleiki ljósvakamiðla

Útvarp og sjónvarp gefa tækninnar vegna minni möguleika á að senda efni út til skoðunar. Þar er þó fyrir hendi sá möguleiki ef viðtalið er tekið í húsakynnum fjöl-

miðilsins geti viðmælandi séð hvað hann hefur sagt.

„Í prinsippinu leyfum við þetta ekki,“ segir Bogi Ágústsson, forstöðumaður Fréttasviðs Ríkisútvarpsins, um hvort viðmælandur fái að skoða hvernig unnið er úr viðtölum við þá. Hann segir þó að vilji fólk heyrja hvað eftir því er haft sé sagt frá því. „Við leyfum fólki ekki að endurtaka viðtöl eða gera breytingar nema um sé að ræða einhverjar málvillur eða svoleiðis. Við leyfum fólki ekki að breyta efnislegum framburði.“

„Þetta lýtur öðrum lögmálum í sjónvarpi, þar er allt tekið upp á band,“ segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri Stöðvar 2. „Það sem notað er, er yfirléitt alltaf haft í beinni frásögn og fólk fær að vita hvað er haft eftir því. Grundvallarreglan er að fréttastofan sjálf, eða viðkomandi fréttamenn, vinna fréttina sína og eru höfundar hennar en ekki einhverjir utan úr bæ.“

FRÉTTASKÝRING
BRYNJÓLFUR ÞÓR GUÐMUNDSSON
brynjolfur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ GERÐI UNDANTEKNINGU OG LEYFÐI YFIRLESTUR VIÐTALA:

LEYFÐUM EKKI EFNISLEGAR BREYTINGAR

Fréttablaðið vék frá reglu sem bannar að viðtöl séu lesin af fólki utan ritstjórnar þegar lögmenn Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Jóhannesar Jónssonar fengu að lesa viðtölin yfir. Sigurjón M. Egilsson fréttarritstjóri var inntur eftir ástæðunum. Hvers vegna vék Fréttablaðið frá siðareglum með því að leyfa yfirllestur viðtala?

„Það sem vó þyngst var sú staðreynd að þetta voru viðtöl við ákærða menn og

staða þeirra því afar erfið. Það var ósk lögmanna þeirra að þeir fengu að lesa viðtölin yfir fyrir birtingu en þeir höfðu enga heimild til ritskoðunar eða efnislegar breytinga. Það var fallist á að leyfa þeim yfirllestur og eingöngu yfirllestur.“ Ef þeir hefðu viljað gera einhverjar efnislegar breytingar, taka út svör eða breyta, hvernig hefðu þið brugðist við? „Ég get ekki svarað því, vegna þess að það reyndi ekki á það enda var þetta

ekki sent til ritskoðunar eða efnislegra breytinga. Það reyndi aldrei á þau skilyrði sem blaðið setti fyrir yfirllesturinn.“ Kemur þetta eitthvað til með að breyta stefnu blaðsins í framtíðinni? „Nei, þetta mun ekki gera það. En komi upp á móta mál þar sem ákærðir menn verða í mjög opinskáum og erfiðum viðtölum munum við örugglega skoða það með alveg sama vilja og við gerðum í þessu tilfelli.“

- þþg

Eldshöfða 16
Sími: 616 9606
Opíð milli 12 - 16

16.245 kr

LANCÔME

PARIS

RÉTTI RAKINN FYRIR MIG

RÉTTA GJÖFIN FYRIR MIG !

ÉG VEL RAKAKREM* OG LANCÔME SÉR MÉR FYRIR
HLIÐARVÖRUM Í LÚXUSFERÐASTÆRÐUM OG TÖSKU AÐ
VERÐMÆTI ALLT AÐ 2.400 KR.-**

- > **AQUA FUSION:** ÞORSTA HÚÐARINNAR ER SVALAÐ OG HÚN GEISLAR AF LÍFI
- > **HYDRA ZEN:** FULLKOMINN RAKI OG VÖRN SVO HÚÐIN ER SLÉTT OG MJÚK, ANDLITSDRÆTTIRNIR AFSLAPPAÐIR
- > **IMPACTIVE:** DÚNMJÚK, RAKAFYLLT HÚÐ SEM STARFAR BETUR : HÚÐIN ER EINS OG SILKI
- > **PURE FOCUS:** HÚÐIN ER GJÖRBREYTT : FERSK, MÖTT, SVITAHOLURNAR FÍNGERÐARI OG ÁFERÐIN FALLEGRI.

www.lancome.com



ER HÚÐIN ÞYRST EFTIR SUMARIÐ?

FRÁBÆR TILBOÐ Á RAKAKREMUM Á
NÆSTA LANCÔME ÚTSÖLUSTAÐ.




*val á milli 50ml Aqua Fusion, Impactive, Hydra Zen eða Pure Focus
**4 lúxuskerðir af húðsnyrtivörum – á miðan birgðir endast

LANCÔME

ÚTGJÖLDIN > ÁRLEG KJÖTNEYSLA Á HVERN ÍBÚA Á ÍSLANDI

HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS: TÖFLUR FRÁ 2003



RAFMAGNSBRUNAR Í HEIMAHÚSUM:

Kviknar oftast í út frá eldavél

Eldavélar eru sem fyrr algengasti brunavaldur rafmagnsbruna á heimilum en slíkir brunar voru mun algengari árið 2004 en fyrri ár samkvæmt úttekt Neytendastofu. Þannig voru eldavélabrunar alls 52 prósent allra rafmagnsbruna á síðasta ári en brunahlutfall annars rafmagnsbúnaðar var talsvert minni eða innan við tíu prósent. Tveir þættir orsaka þennan fjölda bruna í eldavélum. Annars vegar hrömun tækjanna sjálfrá en verra er að 44 prósent bruna má beinlínis rekja til rangrar notkunar. Með rangri notkun er átt við að pottur eða panna er skilin eftir aðgæslulaust á heitri hellu. Enn fremur getur auðveldlega kviknað í hvers kyns feiti eða olíu sem verður eftir í pottum og pönnum. Fyrir utan þá hættu sem slíkt skapar fyrir ung börn er aldrei af varlega farið með rafmagnstæki hvers konar.



SKEMMDIR EFTIR BRUNA Í ELDAVÉL Ný úttekt Neytendastofu leiðir í ljós að rafmagnsbrunnar í eldavélum stafa oft af rangri notkun.



SKY Margt af því efni sem sýnt er á sjónvarpsstöðvum SKY er bundið höfundarrétti hérlendis.

Áskriftir að SKY-sjónvarpsstöðinni:

Lögmæti lokana kannað

Lögmaður Neytendasamtakanna kannar nú lögmæti þess að loka fyrir þann möguleika að greiða áskrift að stöðvum bresku stöðvarinnar SKY með íslenskum kreditkortum. Fyrir verður ekki gripið til aðgerða.

Þetta segir Jóhannes Gunnarsson, formaður samtakanna, sem hafa gagnrýnt þá tilhögun Smáís, samtaka réttihafa á Íslandi, að ná samkomulagi við SKY um að loka á íslensk kort í

því skyni að gera áskrifendum erfiðara um vik að greiða mánaðarleg gjöld sín. Töluverður fjöldi Íslendinga hefur þann búnað sem til þarf og herma heimildir Fréttablaðsins að áskrifendur SKY hér á landi séu vart færri en tvö þúsund talsins.

Svar mun að sögn Jóhannesar liggja fyrir á næstu dögum en þangað til verður ekkert að gert.

- aóe

Niðurstöður bandarískrar slysaskrár um barnabílstóla:

EKKI endilega öruggari

Samkvæmt tölum úr opinberri bandarískri slysaskrá sem nær aftur til ársins 1975 er dánartíðni barna tveggja ára og eldri ekki minni í barnabílstólum en í venjulegum bílbeltum.

Þetta kemur fram í grein hagfræðinganna Steven D. Levitt og Stephen J. Dubner í bandaríska dagblaðinu New York Times í síðasta mánuði en þeir félagar hafa hlotið talsverða frægð undanfarn misseri fyrir að greina hversdagslega hluti út frá hagfræðilegum sjónarmiðum.

Þeir yfirfóru umrædda slysaskrá auk þess sem þeir létu fara fram prófanir á bílstólum annars vegar og bílbeltum hins vegar og eru niðurstöður þeirra á sama veg;



EKKI ÖRUGGARI Slysaskrár 30 ár aftur í tímann gefa ekki til kynna að barnabílstólar séu öruggari en venjuleg bílbelti.

barnabílstólar veita ekki það mikla umframöryggi sem margir vilja vera láta. Er þá eingöngu verið að líta til barna tveggja ára og eldri en óumdeilt er að bílstólar eru nauðsynlegir öllum yngri börnum en það.

- aóe

Leikskólagjöldin eru lægri á Akureyri

Bæjaryfirvöld í höfuðstað Norðurlands gera betur við barnafólk en bæjarfélög suðvestanlands. Árlegur leikskólakostnaður foreldra er allt að 40 þúsund krónum lægri.

NEYTENDUR Foreldrar á Akureyri greiða rúmlega 30 prósentum lægra leikskólagjald fyrir börn sín þennan veturinn en foreldrar í sveitarfélögum suðvestanlands. Munar allt að 40 þúsund krónum að hafa barnið í leikskóla í níu mánuði fyrir norðan en á þéttbýlsta svæði landsins.

Ástæðan er sú að bæjarráð Akureyrar ákvað í vor að lækka leikskólagjöld yfir línuna um 25 prósent og gildir sú lækkan fyrir alla. Ekki er nóg með að gjöldin séu mun lægri þar heldur er matarkostnaður hvers barns á Akureyri einnig lægri á mánaðargrund-

velli og munar þar tæpum tvö þúsund krónum miðað við Kópavog þar sem gjaldið er hæst.

Að öðru leyti bjóða þau bæjarfélög sem könnuð voru svipuð kjör. Einstæðir foreldrar fá alls staðar góðan afslátt frá því verði sem hjón eða sambúðar fólk greiðir og afslættir eru ennfremur veittir séu fleiri börn úr einni og sömu fjölskyldunni á leikskóla. Allir greiða þó fullt gjald fyrir fæði en allir leikskólarnir bjóða upp á morgunverð, hádegisverð og létt snarl síðdegis fyrir þá sem þess þurfa.

Foreldrar geta á öllum stöðum ákveðið hversu lengi börn þeirra

dvelja dag hvern og er tímabilið allt frá fjórum klukkustundum og er mest níu og hálf klukkustund dag hvern.

Samkvæmt meðfylgjandi töflu er þannig dýrast að hafa barn á leikskóla í Hafnarfirði en þar kostar níu mánaða dvöl fimm klukkustundir á dag 171 þúsund krónur. Kópavogur kemur næstur með tæpar 170 þúsund krónur en kostnaðurinn hjá öðrum sveitarfélögum er frá 165 þúsundum króna. Akureyri er svo ódýrast en kostnaður þar fyrir sambærilega þjónustu er rétt rúm 130 þúsund krónur.

albert@frettabladid.is



MISDÝRIR SKÓLAR Foreldrar barna suðvestanlands greiða mun hærra leikskólagjöld en foreldrar á Akureyri en mismunurinn helgast af þeirri ákvörðun bæjarráðs Akureyrar að lækka gjöldin um 25 prósent í vor sem leið.

Leikskólagjöld 2005/2006*	Seltjarnarn.	Reykjavík	Garðabær	Hafnarfj.	Kópavogur	Akureyri	Álftanes
Almennt grunngjald pr. klst.	2.970	2.800	3.040	2.820	2.936	2.134	2.628
Afsláttur einstæðra foreldra	40%	40%	30%	40%	35%	40%	40%
Gjald fyrir hádegisverð pr. mán	2.730	3.400	3.260	3.500	4.200	2.563	3.500
5 klst. á dag með morgun- og hádegisverði	18.630	18.540	18.460	19.000	18.880	14.514	18.390
Samtals níu mánaða leikskólavist	167.670	166.860	166.140	171.000	169.920	130.626	165.510

* m.v. eitt barn

Nýju haust- og vetrarlistarnir eru komnir út glæsileg hönnun og vönduð vara.



Stærðir 36-58.
Áhættulaus kaup og þægilegur verslunarmáti.

Pöntunarsíminn er 565 3900.

Minum á lokadaga útsölu - þrjár vörur á 7.000 krónum í verslun.



Freemans
OF LONDON

Freemans og ClaMal
Reykjavíkurlaugavegi 66 • 220 Hafnarfjörður
s: 565 3900 • www.clamal.is



Bandaríkin:

Verðfall á gallabuxum

Með tilliti til þess hversu dýrar gallabuxur hafa verið hérlendis um margra ára skeið er ekki laust við að bros leiki um varir þegar fregnir berast af því að bandarískir neytendur hafi fengið sig fullsadda af því sem þeir kalla gallabuxnaból.

Verð á tiskugallabuxum þar

vestra hefur nefnilega verið að ná nýjum hæðum síðustu mánuði og hafa þær allra vinsælustu kostað frá 15-20 þúsund krónum eða ekki ósvipað og Íslendingar hafa greitt fyrir góðar gallabuxur um árabil. Eru nú blíkur á lofti með sölu og hafa allflestar verslanir lækkað verð sitt umtalsvert. ■

500kr

Frábært verð á skóm fyrir alla fjölskylduna

DreamTeam



500kr
verð áður 2.499-

Óarna sportsk r

m/ teygjum, bleikir, bláir st. 24-34



DONNA CHRISTINA

500kr

Sandalar m/teygju

verð áður 3.999-

svartir, st. 37-41



500kr

Gervigrassk r

verð áður 2.999-

Margir litir st. 35-46



500kr

Gúmmísk r

verð áður 1.699-

bleikir, bláir st. 36-41



500kr

Sportsk r

gráir, st. 35-43



Ekta leður

500kr

Sportsk r

m/ röndum, rauðir, svartir st. 36-45



500kr

Heilsusandalar

svartir, hvítir, st. 37-39

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Baugsmálið loks staðfest eftir þriggja ára rannsókn.

Óhefðbundin málsvörn

Þáttaskil urðu í Baugsmálinu svokallaða í gær, þegar málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur. Þetta er eitt stærsta mál dómsins að mati dómstjórans. Að nokkru leyti minnr þetta mál dálítið á kaffibaunamálið svokallaða, sem snerist um innkaup Sambandsins á kaffibaunum hingað til lands. Önnur mál sem koma upp í hugann við þingfestingu Baugsmálsins eru Geirfinnsmálið og Hafskipsmálið. Bæði þessi mál bárust inn á Alþingi og heit þjóðfélagssumræða varð um þau. Stóð hún í mánaðavís og er enn í minnum höfð. Gengu margir sárir frá borði eftir þá orrahríð.

Fram til þessa hefur ekki verið mikil bein pólitísk umræða um Baugsmálið, en þeir sem mest koma þar við sögu hafa sent fyrrverandi forsætisráðherra hvöss skeyti vegna upphafs málsins.

Ákærvaldið hefur reitt hátt til höggs í Baugsmálinu og að baki er nærri þriggja ára vinna við það. Þetta er langur tími og spurning hvort nægur mannaflí og þekking sé til staðar hjá yfirvöldum þegar um svo umfangsmikil mál er að ræða. Í það minnsta virðast flestir sammála um að rannsóknin hafi tekið of langan tíma.

Sakborningarnir hafa í þessu máli beitt óhefðbundnum varnaraðferðum og segja má að málsvörnin hafi hafist af fullum krafti utan dómsala fyrir nokkrum vikum, um það leyti sem ákærurnar voru birtar þeim. Þeir sakborningar sem einna mest mæðir á í þessu máli hafa tjáð sig opinberlega í mörgum fjölmiðlum og innlendir og erlendir lögfræðingar hafa komið við sögu við kynningu málsins. Þannig hefur miklu verið til kostað við að upplýsa almenning um málsatvik frá sjónarhóli hinna ákærðu. Það er eins með birtingu ákæranna og hve langan tíma rannsóknin tók, að í nútímaþjóðfélagi er ekki hægt að una við það að líða skuli heilar sex vikur frá því að ákærurnar voru birtar sakborningum, þar til þær voru birtar opinberlega. Þetta er mál sem dómskerfið þarf að taka til athugunar. Lengi vel áttu fjölmiðlar von á því að geta birt ákærurnar fljótlega eftir að sakborningar fengu þær, en það var svo ekki fyrr en breskt blað hafði birt frétt um ákærurnar að þær voru birtar í Fréttablaðinu. Þá fyrst gat almenningur í landinu kynnt sér þær og mótrök verjendanna. Sakborningar völdu virðulegt breskt dagblað til að koma þessu á framfæri í Bretlandi og svo Fréttablaðið – stærsta fjölmiðilinn hér á landi.

Það er ekki margt sem fjölmiðlar hér hafa getað byggt á varðandi fréttáflutning af ákærnum, og það verður ekki fyrr en vitnaleiðslur og málflutningur hefst að glögg mynd fæst af málinu. Málflutningur á eftir að standa vikum saman og það verður fróðlegt að sjá hverjir verða kallaðir í vitnastúkuna fyrir utan hina ákærðu, sem allir neituðu sök við þingfestinguna í gær. Æskilegt væri að þessu máli lyki sem allra fyrst, en dómsvaldið og verjendur verða líka að fá sinn tíma til að leiða það til lykta. Í svona stóru og umfangsmiklu máli verður að vanda til verka nú þegar það er loks komið í dómsali, og réttlætið verður að sigra að lokum. ■



90,9

HRAFNAPIG

Á Talstöðinni alla virka daga kl. 13.



Jóns Baldvins Hannibalssonar, þegar hann var nýbúinn að taka við Alþjóðflokknunum. Ekki nema

Skin og skuggar

Í hvoru landinu skyldi vera betra að búa, Bandaríkjunum eða Frakklandi? Um það er deilt eins og edlilegt er; hverjum þykir sinn fugl fagur. Bandaríkin eru næstrika land heims miðað við landsframleiðslu á mann. Lúxemborg er eina landið, þar sem framleiðsla á mann var meiri en í Bandaríkjunum í fyrra, 2004. Frakkland er í sautjándu sæti listans; þar eru tekjur á mann fjórðungi minni en í Bandaríkjunum. Á hinn bóginn þurfa Frakkar að hafa minna fyrir lífinu en Bandaríkjamenn. Frakkar vinna að jafnaði skemmri vinnuviku, ef þeir vinna úti á annað borð, þeir taka sér lengri frí og verja meiri tíma með fjölskyldum sínum og vinum. Frakkar hafa minni tekjur en Bandaríkjamenn, rétt er það, og þannig vilja þeir hafa það. Þeir búa samt við betri lífskjör en Bandaríkjamenn í þeim skilningi, að landsframleiðsla Frakka á hverja vinnustund er sjöttungi meiri en í Bandaríkjunum. Frakkar segja: lífskjör snúast bæði um magn og gæði. Þar að auki er tekjum og eignum jafnar skipt milli þegnanna í Frakklandi en í Bandaríkjunum. Í hvoru landinu er þá betra að búa? Þessu þarf hver og einn að svara fyrir sig, því að svarið fer m.a. eftir því, hversu miklu menn eru fúsir að fórnar fyrir frístundir með fjölskyldum sínum og vinum og fyrir þokkalegan jöfnuð milli þegnanna, og það er misjafnt.

Samanburður á lífskjörum hér heima og í Danmörku veltur á sömu sjónarmiðum. Við erum svolitlu ríkari en Danir miðað við landsframleiðslu á mann; við skipuðum sjötta sæti heimslistans 2004, Danir sjöunda. En við þurfum en að hafa meira fyrir hlutunum en Danir, miklu meira. Framleiðsla á hverja vinnustund – öðru nafni vinnuframlæðni – er rökum fjórðungi meiri í Danmörku en á Íslandi. Framleiðsla á hverja vinnustund 2004 var 42 Banda-

von að sú spurning vakni í fullri alvöru, hvort Ingibjörgu Sólrúnu þyki kannski ekkert gaman að vera orðin formaður Samfylkingarinnar.

Steinbarnið

Ingibjörg Sólrún er svo sem ekki eini baráttumaðurinn sem gefst upp á að blogga. Það er út af fyrir sig engin synd. Heil samtök, Þjóðarhreyfingin, sem héldu út líflægum vef um stjórnmál eru horfin og hefur ekkert til þeirra spurst. Á sama tíma stóreflast ýmsir aðrir, svo jafnvel mönnum er farið að þykja nóg um. Össur Skarphéðinsson skrifar stundum marga pistla á dag, suma skynsamlega, aðra óskynsamlega, rétt eins og við meðaljónarnir. En kosturinn við Össur er sá að hann er skemmtilegur penni, með sannfæringu og er ekki að setja sig í

neinar stellingar. Það er líklega rétt hjá Jónasi Kristjánssyni á DV að Össur losnadi við steinbarn þegar hann féll í formannskjörinu. Hitt er misskilningur, að Ingibjörg Sólrún þurfi að ætteleiða þetta steinbarn Össurar.

Fólk með reynslu

Það er annars óvitlaus hugmynd sem Össur reifar á vefsíðu sinni í gær. Hann stingur upp á því að tímabundinni mannekleiða á leikskólum borgarinnar verði mætt með því að ráða til starfa eldri borgara. Fordæmið sem hann vísar til er ákvörðun Húsasmiðjunnar að auglýsa eftir eldra fólki, þegar fyrirtækið lenti í vanda vegna áhugaleysis almennt launþega á störfum hjá fyrirtækinu. Má ekki skoða þetta í fullri alvöru?

gm@frettabladid.is

Í DAG

LÍFSKJÖR HÉR OG ÞAR



ÞORVALDUR GYLFASON

Af því má ráða, að framleiðsla á hverja vinnustund – framleiðni! – er betri lífskjarakvarði en framleiðsla á mann. Hér er vandinn sá, að áreiðanleg og sambærileg gögn um vinnuframlæðni eru vandfundin, þar eð mat á fjölda vinnustunda í ólíkum löndum er háð ýmislegri óvissu.

.....
penthouse íbúð í fallegu
fjölbýli í miðbænum með
aðgangi að lokaðri bílageymslu.
Á neðri hæð er mjög gott
eldhús, þvottahús, baðherbergi
og stofa. Á efri hæð eru 3
svefnherbergi og sjónvarpshol.
Hringstigi er á milli hæða. Þessi
gæti verið fyrir þig.



Guðmundur Andri
fasteignaráðgjafi
sími 595 9050

Hóll fasteignasala | Franz Jezorski lögg.fasteignasali | Skúlagata 17 | 101 Reykjavík

hóll
M - við höfum meira að bjóða

NETHÚS

FASTEIGNASALA

Opnunartími: mán-ím 9-17 / íst 9-16

Bæjarind 6 • 201 Kópavogur • Sími: 575 8800 • Fax: 575 8801 • [www.neth](http://www.neth.is)



Galtalind 201 Kóp

Elin D. W. Guðmundsdóttir
Löggiltur fasteignasali



Laus við kaupsamning
Mjög góð 4ra herbergja 124 fm íbúð á 2. hæð í þessu litla fjöl-
býli. Smekklegar innréttingar, 3 góð svefnherbergi, sjónvarpshol
og góð stofa. Sér þvottaherbergi innan íbúðar.
Mjög stórar svalir sem snúa til suðurs og vesturs. Frábær
staðsetning aðeins 2 mínútna ganga í Lindaskóla. Öll önnur
þjónusta í næsta nágrenni. Ásett verð: 26,5 millj.

NETHÚS

FASTEIGNASALA

Opnunartími: mán-ím 9-17 / íst 9-16

Bæjarind 6 • 201 Kópavogur • Sími: 575 8800 • Fax: 575 8801 • [www.neth](http://www.neth.is)



OPIÐ HÚS Í DAG milli KL 18-19

Elin D. W. Guðmundsdóttir
Löggiltur fasteignasali



Eskihlíð13, 2ja herbergja íbúð á rishæð
Falleg 2ja herbergja risibúð á þessum frábæra stað í hlíðunum.
Íbúðin er 70,2 fm að gólfleti en birt stærð íbúðarinnar er skv.
FMR 41, 4 fm. Íbúðin er í mjög góðu ástandi og allar innréttingar,
gólfefni, raflagnir og ofnar eru nýleg.
VERÐ 13,5 m.
EIGNIN ER LAUS VIÐ KAUPSAMNING

Björk tekur á móti gestum sími 8938559

GRÆNLANDSLEIÐ 14-20

– NÝBYGGINGAR Á ÚTSÝNISSTAÐ Í GRAFARHOLTINU –



Glæsilegar og óviðjafnanlega vel staðsettar sérhæðir í nýjum parhúsum á einstökum útsýnisstað. Húseignirnar skiptast annars vegar í glæsilegar efri sérhæðir með óvenju stórum innbyggðum bílskúr þar sem allt er sér, s.s. inngangur, þvottahús og hiti. Úr þessum hæðum er útgengt út á um 40 fm timurverönd vestan megin við húsin og austan við húsin er um 30 fm hellulögð verönd þar sem gert er ráð fyrir glerskála og liggja fyrir samþykktar teikningar af honum. Hins vegar er um að ræða glæsileg 2ja herbergja neðri sérhæðir. Húseignirnar eru fullbúnar að utan en tilbúnar til innréttinga að innan, fyrir utan eina neðri sérhæð sem selst fullfrágengin. Húsin eru vönduð að allri gerð og mjög fallegur arkitektúr. Þau eru staðsteypt og múruð með marmarasalla. Lóð húsanna er grótfjöfnuð og bílaplan tilbúið fyrir hellulögn. Staðsetningin er mjög skemmtileg á stórkostlegum útsýnisstað en þessar húseignir eru innst í lokuðum botnlanga þaðan sem þær njóta óskerts útsýnis yfir nánast alla Reykjavík, Esjuna og út á flóann.

Um er að ræða þrjár 166 fm efri sérhæðir með 38 fm bílskúr og fjórar 2ja herbergja 83 fm neðri sérhæðir.

SÖLUMENN SÝNA ÍBÚÐIRNAR Í DAG FRÁ KL. 17 – 18



Afnám vaxtabótakerfisins skaðar unga fólkid

UMRÆÐAN

VAXTABÆTUR



JAKOB HRAFNSSON
FORMAÐUR SUF

Einar K. Guðfinnsson alþingismaður skrifar grein í Morgunblaðið síðastliðinn föstudag um afnám vaxtabótakerfisins í núverandi mynd. Þegar hefur verið hróflað við kerfinu og voru bæturnar skertar og var þar nógu langt gengið.

Einar virðist gleyma þeirri staðreynd að nú þegar er fjöldinn

allur af fólk sem reiknar með þessum bótum. Sumir hafa jafnvel staðist greiðslumat með þeim inni og hefðu ella ekki staðist það mat. Það er tilgangur vaxtabótakerfisins að auðvelda eignalitlu og tekjulitlu fólk að koma sér þaki yfir höfuð og þar með að lækka álagið á húsaleigubótunum til lengri tíma lítið. Má því segja að vaxtabótakerfið stuðli að því að útgjöld hins opinbera lækki með árunum eða í það minnsta að framlög í þennan málaflokk hækki minna.

Hámarksupphæð vaxtabótanna veldur því að fólk er ekki styrkt til kaupa á rándýru húsnæði. Miðað við 4,15% vexti fást einungis vaxtabætur fyrir þann

hluta lánanna sem er undir 11,6 milljónum fyrir einstakling og 18,8 fyrir hjón. Fólk fær sem sagt ekki vaxtabætur fyrir lánunum umfram þessar upphæðir og er ekki hægt að segja að þetta séu yfirmáta háar upphæðir miðað við húsnæðisverðið í dag. Þeir sem hvað mest þurfa á þessum bótum að halda eru ungt fólk sem er að koma sér upp sinni fyrstu íbúð en þessi hópur er með gríðarlega mikla greiðslubyrði. Afnám vaxtabóta yrði helst á kostnað þessa hóps.

Nú þegar verð á íbúðarhúsnæði er í sögulegu hámarki væri með afnámi kerfisins verið að verðleggja ungt fólk af markaðunum. Þetta yrði í mótsögn við hin

góðu verk ríkisstjórnarinnar sem með 90% lánum íbúðalánasjóðs og frumkvæði Framsóknarflokksins, og ekki síst Árna Magn-

Þeir sem hvað mest þurfa á þessum bótum að halda eru ungt fólk sem er að koma sér upp sinni fyrstu íbúð en þessi hópur er með gríðarlega mikla greiðslubyrði. Afnám vaxtabóta yrði helst á kostnað þessa hóps.

úsónar, gerðu íbúðarkaup raunhæfari valkost fyrir ungt fólk.

Aðkoma bankanna hefur lækkað greiðslubyrðina fyrir okkur

neytendur og er það vel en þessi samkeppni á íbúðalánamarkaði hefur orðið til þess að fasteignaverð hefur hækkað.

Að kenna vaxtabótakerfinu um þessar hækkunir er gróf einföldun. Ungt fólk sem er að koma sér upp íbúðarhúsnæði, er að greiða af námslánunum, er að kaupa sér bíl og er með börn á leikskóla getur ekki tekið þessari hugmynd vel. Þessi hópur er með mikið af samneyslunni og á erfitt með það að bæta við sig aukinni greiðslubyrði. Hvernig ætlar þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins að koma til móts við þennan hóp?

Höfundur er formaður Sambands ungra framsóknarmanna.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Er þetta rétt?

Þórunn Lúðvíksdóttir skrifar

Það er ljóst að fleiri en Helgi K. Hjálms-son geta orðið „kjáftstopp“ eins og hann orðar það, við lestur blaðagreinar en þetta henti mig einmitt þegar ég las grein Helga í Fréttablaðinu þann 5. ágúst síðastliðinn.

Mann rekur í rogastans við lestur greinarinnar, hvernig er hægt að koma öllum þessum rangfærslum og útúrslunum á blað?

Ég er ein af hinum „svokölluðu“ stuðningsmönnum sr. Hans Markúsar Hafsteinssonar og get tekið undir þau orð Helga að þetta sé allt ein sorgarsaga, en þetta er líka það eina sem ég get viðurkennt sem sannleika í umræddri grein, nema eftirfarandi setningu „Hafi allir skömm af, sem með framferði sínu eru að kljúfa Garðasöfnuð í herðar niður og eyðileggja safnaðarstarfið með slíku framferði“. Þarna er ég sammála Helga, formaður og varaformaður ásamt presti og djákna ættu að hafa þetta hugfast. Að öðru leyti hefði ég sagt að Helgi hefði átt að hafa gamalt máltæki í heiðri en það er „oft er betra að þegja en segja“.

Tel ég grein hans ekki svaraverða, og vona og veit að stuðningsmenn og velunnarar Hans Markúsar vita hið sanna í málinu.

Eitt er það þó í greininni sem vekur athygli mína, þar sem ég hef ítrekað reynt að fá svör við því með tölvupósti til biskupsstofu ásamt opnu bréfi í Fréttablaðinu sem beint var til biskups Íslands, hvers vegna ekki var farið að kirkjulögum og aðalsafnaðarfundur Garðasóknar haldinn í maí, eins og þar að gera. Ég hef ekki haft heppnina með mér, hef engin svör fengið. Helgi K. Hjálmsson virðist hins vegar hafa átt greiðari aðgang að biskupi Íslands en stuðningsmenn Hans Markúsar, sem hafa ekki haft erindi sem erfiði þegar beðið hefur verið um viðtöl, upplýsingar og svör við spurningum.

Þetta kemur berlega í ljós í eftirfarandi fullyrðingu Helga en þar segir hann orðrétt í grein sinni:

„Ástæðan fyrir að aðalsafnaðarfundur var ekki haldinn í mars var, að í samráði við Biskup var ákveðið að ljúka tilfærslu sr. Hans Markúsar Hafsteinssonar og ljúka öllu því máli áður en fundurinn yrði haldinn“.

Er þetta rétt herra biskup? Þætti vænt um að fá einfalt svar þ.e.a.s. JÁ eða NEI.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

ÚTVARPIÐ ÞITT POLIR EKKI EINTÖMAN VIÐBJÓÐ

X 97.7

TOSHIBA

TRAUST VÖRUMERKI
TRYGGIR GÆÐI, ÁBYRGÐ
OG FULLA ÞJÓNUSTU

1,6 GHz

Skólatilboðsverð
134.700,-

KB Námsmenn
lán í 36 mán.
4.429,-

Toshiba Satellite L10-189

Örgjörvi: Intel® Centrino+ mobile tækni. Intel® Pentium M 725 1.6GHz (Dothan). Front Side Bus 400 MHz, 2MB.
Minni: 512MB DDR Minni (Mest 1GB).
Diskur: 60GB diskur.
Skjár: 15" XGA skjár 1024 x 768.
Intel 852GME skjástýring.
Drif: DVD Super Multi brennari.
10/100 Ethernet og V.90 mótað.
Netkort: Þráðlaus netstýring 54Mbps.
Ábyrgð: 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum.
• VGA, TV-OUT.
• 3x USB 2.0, hjóð inn/út, FireWire
• Þyngd 2.7 kg.
• Microsoft OneNote glósuforrit fylgir með

Microsoft OneNote glósuforrit fylgir!

Fartölvur á ferð í Pennanum

Toshiba fartölvur fást einnig í Pennanum-Eymundsson Smáralind næstu daga.

FYLGIHLUTA-PAKKI

Þér býst fylgihlutapakkni að verðmæti 16.000 kr. á aðeins 1.000 kr. með kaupum á fartölvu hjá Pennanum.

Fartölvustandur

Músarmotta með handritahaldara

Fartölvulás

Útniðspúði

Fartölvubakpoki

KB BANKA TILBOÐ!

KB Námsmenn sem kaupa fartölvu í Pennanum og taka tölvukaupalán fá glæsilegan kaupauka* að verðmæti 20.000 kr. Þú getur orðið meðlimur á staðnum!

*Gildir á meðan birgdir endast

Skrifborðstóll

KB BANKI

Kortalesari

Fartölvutaska

Office pakkinn og geislamús!

Þegar þú kaupir fartölvu komdu þá með gömlu Microsoft Office útgáfuna þína, og fáðu nýjan Office-pakka ásamt geislamús á 14.900 kr.

SKÓLABÍLL*

í heilt ár!

Taktu þátt í leiknum - þú gætir unnið afnot af splunkunýjum volkswagen Fox í eitt ár!

Dregið verður í Bilaleiknum 15. september

3 bílar í pottinum!

PENNINN

Penninn Hallarmúla 2, s. 540 2065
Penninn Hafnarstræti 91-93, Akureyri, s. 461 5050

FILEN/SIA F101915

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.496,49 +0,22% Fjöldi viðskipta: 288
Velta: 3.912 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ FL Group +3,95%
Össur +2,86%
Mosaic +0,76%

MESTA LÆKKUN

↓ Og Vodafone -1,28
Burðarás -1,15
Landsbankinn -0,93

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,80 +0,25% ...
Bakkavör 40,50 +0,25%... Burðarás 17,20 -1,15%... FL Group
15,80 3,95% ... Flaga 4,22 -0,71% ... HB Grandi 8,45 +0,00% ...
Íslandsbanki 14,25 +0,00% ... Jarðboranir 21,10 +0,00% ... KB
banki 585,00 +0,69% ... Kögun 57,60 +0,00% ... Landsbankinn
21,30 -0,93% ... Marel 63,10 -0,63% ... SÍF 4,80 -0,62%
...Straumur 13,30 -0,37% ... Össur 90,00 +2,86%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Iceland lokar búðum

Malcolm Walker og félagar hans í Iceland-matvöru-keðjunni hafa ekki setið auðum höndum frá því að keðjan var keypt um jólaeytið. Keðjan var hluti af Big Food Group sem Baugur ásamt fjárfestum keyptu fyrir tugi milljarða. Pálmi Haraldsson og Karl Wernersson fóru hins vegar fyrir Iceland-kaupunum og höfðu til fylgilags stofnandann Malcolm Walker. Síðan þá hefur verið hagrætt í rekstri og nú hefur verið ákveðið að loka öllum átta búðum Iceland á Írlandi. Samkvæmt fyrirtækinu er þetta liður í því að draga úr kostnaði en írsku búðirnar hafa verið reknar með tapi. Forsvarsmenn Iceland sögðu ekki von til þess í nánustu framtíð að starfsemi í Írlandi skilaði hagnaði. Starfsmenn missa því vinnuna nema kaupandi finnist að búðunum.

Yfirdráttarsýkin

Bankarnir eru komnir upp fyrir Íbúðalánasjóð þegar lítið er til skulda heimila við lánastofnanir. Íbúðalánasjóður er nú með minni markaðshlutdeild í þessum lánnum en bankarnir samanlagt. Þegar bankarnir komu af krafti inn á íbúðalánamarkaðinn, þá nýttu heimilin tækifærið, endurfjármögnuðu íbúðalán og greiddu upp neyslulán og yfirdráttarlán. Síðan þá hafa menn tekið til við fyrri iðju og yfirdráttur hefur vaxið hröðum skrefum. Yfirdrátturinn jókst um átta milljarða í júní og þjóðin hefur tekið gleði sína. Búin að kaupa nýjan bíl og sumarfríð fór á yfirdráttinn eins og verið hefur síðustu ár.



Samskip kaupa Seawheel

Endanlega hefur verið gengið frá kaupum Samskipa á breska skipafélaginu Seawheel í kjölfar úrskurðar evrópskra samkeppnisyfirvalda í málinu.

Samkeppnisyfirvöld gerðu engar athugasemdir við kaup Samskipa á Seawheel, né fyrirhugaða sameiningu Seawheel við hollenska flutningafyrirtækið Geest sem Samskip keypti fyrir á árinu.

SAMSKIP

Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa, segir að strax hafi verið hafist handa við sameiningu félaga þegar úrskurðurinn lá fyrir og að stjórn Seawheel hafi þegar látið af störfum.

Rekstur félagsins er nú undir stjórn Geest en vörumerkin tvö verða þó áfram notuð jöfnum höndum.

Fjárfestingar skila miklum hagnaði

Rekstrartap fyrir fjármagnsliði þrefaldast milli ára. Eignir aukast um 26 milljarða frá áramótum.

Hagnaður FL Group var 1.933 milljónir króna á fyrstu sex mánuðum þessa árs en var til samanburðar 117 milljónir á síðasta ári. Þetta er besta afkoman í sögu félagsins á fyrri hluta árs. Niðurstaðan er þó rúmum tvö hundruð milljón krónum lægri en meðaltalsspá bankanna hljóðaði.

Það var fyrst og fremst góður árangur af starfsemi fjárfestingarhlutans FL Investments

HAGNAÐUR FL GROUP Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRDUNGI

- í milljónum króna

Hagnaður	1.933
Spá Íslandsbanka	2.350
Spá KB banka	1.873
Spá Landsbankans	2.205

sem skilaði þessari niðurstöðu. Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi nam þremur milljónum króna og tífaldast milli ára. Stærstu hlutabréfaeignir flugfélagsins eru í easyJet, Íslandsbanka og KB banka og hefur hlutabréfaeignin hækkað um nærri þrjú milljarða frá 30. júní síðastliðnum.

Rekstrartekjur voru tuttugu milljarðar og jukust um rúm sex prósent en rekstrargjöld með afskriftum voru 20,7 milljarðar og hækkuðu um tæp níu prósent. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði var neikvæður um 680 milljónir króna sem er meira en þrefaldt hærra upphæð en á sama tíma í fyrra. Eignir félagsins höfðu í lok



RAGNHILDUR GEIRSDÓTTIR, FORSTJÓRI FL GROUP Uppgjör FL Group var heldur undir meðaltalsspá bankanna. Góður árangur náðist í fjárfestingarrekstri en tap varð af reglulegri starfsemi.

júní aukist um 26 milljarða frá áramótum og námu 69 milljörðum. Eigið fé var 16,3 milljarðar við lok tímabilsins.

MARKAÐSFRÉTTIR...

> **Fjármálaeftirlitið** hefur ákveðið að samþykka umsókn **Lánasjóðs sveitarfélaga** um starfsleyfi sem lánafyrirtæki.

> **FL Group** tekur við rekstri **Bláfugls** og **Flugflutninga** eftir áreiðanleikakönnun.

> **Íslensk erfðagreining** hefur fengið styrk frá **Bandarísku heilbrigðisstofnuninni** vegna erfðagreiningar á nikótíníki.

> Greiningardeild **Íslandsbanka** segir í **Morgunkornum** að íbúðarverð á höfuðborgarsvæðinu virðist hafa hækkað í júlímánuði.



INTRUM JUSTITIA Sænska innheimtufyrirtækið skilaði mun betri afkomu á öðrum ársfjórðungi en búist hafði verið við.

Óvænt uppgjör hjá Intrum

Sænska innheimtufyrirtækið Intrum Justitia hagnaðist um 1,2 milljarða króna fyrir skatta á öðrum ársfjórðungi sem er 72 prósent meiri hagnaður en á sama tímabili í fyrra. Hagnaður eftir skatta var um 880 milljónir króna. Dagens Industri segir að fyrirtækinu hafi verið spáð um 850 milljóna króna hagnaði fyrir skatt þannig að uppgjörið var langt um fram spár.

Landsbankinn er lítill hluthafi í Intrum sem er með skrifstofur í 22 löndum.

RÝMINGARSALA!

Í DAG,
Á MORGUN OG
LAUGARDAG

ALLT
AÐ 50%
AFSLÁTTUR

Skrefunni 6 / Sími 568 7733 / Fax 568 7740 / epal@epal.is / www.epal.is



Það fá **allir** námsmannavexti af tölvulánum hjá S24



Aðeins
9,75%
vextir

alla

Hagstætt tölvulán fyrir námsmenn

- Betri vextir, aðeins 9,75%*
- Ekkert lántökugjald
- Lán til allt að 60 mánaða (5 ár)
- Léttari greiðslubyrði
- Þú þarft ekki að byrja að borga af tölvunni fyrir en eftir 3 mánuði, þú ræður
- Engin lágmarksupphæð
- Tilboðið gildir til 30. september 2005



i n v e n t

Vertu viss um að þú sért að hagnast
á þínum bankaviðskiptum...

Sæktu um lán... **www.s24.is** Sími 533 2424 - Kringlan



*M.v. vaxtatöflu og gjaldskrá S24 1. 7. 2005.

M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.

S24 er sjálfstæð rekstrareining innan Sparisjóðs Hafnarfjarðar

MARCEL PROUST (1871-1922)
lést þannan dag.



„Fólk óskar sér þess að læra að synda á sama tíma og það vill halda öðrum fætinum á jörðinni.“

Marcel Proust var franskur rithöfundur sem skrifaði meistaraverkið „Í leit að glötuðum tíma“.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Genghis Khan leiðtogi Mongólíu lætur lífið

Genghis Khan, keisari Mongólíu, lést þennan dag árið 1227 í herbúðum sínum í Kína. Her hans stóð þá í miðju stríði við konungsríkið Hsi Hsia.

Genghis Khan, eða Temüjin eins og hann hét áður, fæddist einhvern tíma á árunum milli 1155 og 1167. Margt er óljóst um fyrstu æviár hans sem eru sveipuð ævintýraljóma. Segir ein sagan að forfaðir hans hafi verið grár úlfur.

Á uppvaxtarárum Khan var mongólska ríkið klofið. Samsæri og svik voru daglegt brauð og ófriður mikill. Til að mynda var eittrað fyrir föður Ghengis þegar hann var níu ára og ættflokkur hans bjó eftir

það við sult og seyr.

Temüjin naut mikilla vinsælda. Hann byggði upp ættbálk sinn og safnaði mörg þúsund manna herliði sem var upphafið að stórveldi Gengis Khans sem náði frá Peking til Kaspiáhafs.

Temüjin fékk á sig orð fyrir að vera hvort tveggja grimmur og miskunnarlaus. Þegar hann var í stríði gegn óvinum sínum í Tartara-ættbálkinum drap hann til dæmis alla sem voru hærrí en öxull á vagni. Smátt og smátt sameinuðust ættbálkarnir undir stjórn Temüjins og árið 1206 var hann gerður að keisara, eða Khan, yfir öllum ættbálkunum Mongóla.



18. AGÚST 1227

Genghis hefur verið um sextugt þegar hann lést og var þá orðinn heilsuveill. Talið er að meiðsl sem hann hlaut ári áður, þegar hann féll af hestbaki, hafi dregið hann til dauða.

MERKISATBURÐIR

- 1786** Reykjavík fær kaupstaðar-réttindi. Þá voru íbúar 167.
- 1958** Hin umdeilda bók Lolita eftir Vladimir Nabokov er gefin út í Bandaríkjunum.
- 1964** Landslið Suður-Afríku er útilokað frá Ólympíuleikunum í Tókýó þar sem yfirvöld þar í landi neita að fordæma aðskilnaðarstefnu.
- 1988** Þess er minnst að endurbótum á Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju lýkur.
- 1991** Valdarán hefst í Sovétríkjunum. Boris Jeltsín kemst til valda í kjölfar þess.
- 1996** Menningarnótt er haldin í Reykjavík í fyrsta sinn, nóttina fyrir 210 ára afmæli borgarinnar.
- 2000** Grófarhúsið við Tryggvagötu er formlega opnað.

LISTAVERKIÐ SÓLFAR: AFHJÚPAÐ FYRIR 15 ÁRUM VIÐ SÆBRAUT

Flytur sálir í sólsetursátt

Listaverkið Sólfar eftir listamanninn Jón Gunnar Árnason (1931-1989) var afhjúpað við Sæbraut í Reykjavík fyrir 15 árum. Það hefur verið eitt helsta tákn Reykjavíkurborgar og vinsælt myndefni ljósmyndara.

Jón Gunnar Árnason hóf feril sinn á sjötta áratugnum og vakti snemma athygli fyrir verk sín unnin í málm, oft með því að sjóða saman ótrúlegustu hluti, en vann einnig verk sem hrifu alla með ljóðrænni fegurð.

Jón Gunnar var meistari í vélvirkjun en stundaði myndlistarnám hjá Ásmundi Sveinssyni og síðar framhaldsnám í London. Auk þess að vera einn af forsprökum SÚM-hópsins starfaði Jón Gunnar náið með Dieter Roth.

Jón Gunnar var frá upphafi áttunda áratugarins á kafi í sólarpælingum. Hann velti því fyrir sér hvaða hlutverki sólin gegndi í lífi manna og notaði hana í mörgum af sínum verkum. Sólfarið vísar til þess farkosts sem flytur sálirnar til sólarinnar í sólsetursátt.

Jón Gunnar vann módel af Sólfarinu fyrir Vesturbæjarsamtökin, sem síðar gáfu það Reykjavíkurborg í tilefni af 200 ára afmæli borgarinnar árið 1986. Staðarvalið vafðist lengi fyrir mönnum en að lokum varð fyrir valinu einn besti útsýnisstaður borgarinnar við Sæbrautina. Má segja að eini ókosturinn við staðsetningu skipsins sé að það snúi í norður en ekki í sólsetursátt. Jón Gunnar hóf þegar undirbúning að stækkun verksins en lést ári áður en verkið var afhjúpað og náði því aldrei að sjá verk sitt í fullri stærð.



YFIRNÁTTÚRULEGT Sólfar er skip sem flytur sálirnar til sólarinnar. Listaverkið hefur ótvírátt aðdráttarafl. Það er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og annarra sem fá sér göngutúr meðfram ströndinni.

DRÁUMKENNT OG YFIRNÁTTÚRULEGT



RAGNHILDUR STEFÁNSDÓTTIR

„Mér finnst Sólfarið tengjast okkar sögu, bæði sjónum og vikingatímanum. Verkið er svoltið draumkennt af því það speglar allt umhverfið í því. Það verður eins og skip sem fer í huglæga ferð. Eins og það sé á leið inn í sólna,“ segir Ragnhildur Stefánsdóttir myndlistarkona, sem finnst verkið mjög andlegt og ofsalega fallegt. „Þetta er magnað verk og hefur rosalega mikið aðdráttarafl,“ segir Ragnhildur, sem finnst staðurinn sem skipinu var valinn alveg ágætur en hefði þó viljað sjá það tengjast sjónum meira. Ragnhildur hefur oft skoðað verkið í návigi og finnst eitthvað yfirnáttúrulegt við það.

SÓLFARIÐ STENST TÍMANS TÖNN

„Ég hugsaði nýlega þegar ég ók fram hjá Sólfarinu hvað þetta verk stenst vel tímans tönn. Skúlptúrar sem settir eru upp á ákveðnu tímabili verða oft börn síns tíma. En mér finnst þetta verk frábærlega nútímalegt og fallegt,“ segir Markús Þór Andrésson listamaður sem finnst staðsetning verksins vel heppnuð. „Þetta er aðdráttarafl á þessari göngu-leið, bæði fyrir ferðamenn og aðra Reykvikinga,“ segir Markús, sem finnst verkið einfalt og skemmtilegt. Það vísar til sögu Íslendinga og menningararf. Markús segir Sólfarið gott minnismerki um Jón Gunnar Árnason sem hann telur frábæran listamann.



MARKÚS ÞÓR ANDRÉSSON

ANDLÁT

Guðfinna Árnadóttir, Faxatúni 27, Garðabæ, lést á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði föstudaginn 12. ágúst.
Margrét Ólafsdóttir frá Hlíð, Siglufirði, Kópavogsbraut 1B, andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnhlíð föstudaginn 12. ágúst.
Guðbrandur Sæmundsson, vélvirkjameistari, til heimilis að Boðahleini 7, Garðabæ, lést laugardaginn 13. ágúst.
Haraldur Steinþórsson fyrrum framkvæmdastjóri BSRB, lést á hjartadeild Landspítala þriðjudaginn 16. ágúst.

Þorsteinn Gylfason prófessor, andaðist á Landspítalanum þriðjudaginn 16. ágúst.

JARÐARFARIR

- 11.00 Björn Sigurðsson** húsnámsáðameistari, lengst af til heimilis í Sólheimum 23, Reykjavík, verður jarðsöngurinn frá Langholtskirkju.
- 13.00 Björgvin Helgi Guðmundsson** verður jarðsöngurinn frá Krossinum í Kópavogi.
- 14.00 Magnús G. Helgason**, frá Lambastöðum, Seltjarnarnesi, verður jarðsöngurinn frá Kvistoftakirkju í Helsingborg.
- 14.00 Jón Ingimundarson**, bóndi á Haukagili í Hvítársíðu, verður jarðsöngurinn frá Reykholtskirkju.
- 15.00 Andri Ísaksson**, fyrrverandi prófessor, Hjallabrekku 14, Kópavogi, verður jarðsöngurinn frá Kópavogskirkju.
- 15.00 Inga Sigríður Ingólfssdóttir**, áður til heimilis að Rauðalæk 22, Reykjavík, verður jarðsöngurinn frá Dómkirkjunni.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



Þökkum af albug, öllum þeim sem sýndu okkur samúð og heiðruðu minningu eiginmans míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Kristján Rafn Hjartarsonar

fyrrum símaverkstjóra, Vesturgötu 7, Reykjavík.

Þórunn Björg Sigurðardóttir

Hjörtur Páll Kristjánsson

Kristján Rafn Hjartarson

Einar Þór Hjartarson

Hjörtur Hafsteinn Kristjánsson og Bjarki Dagur Kristjánsson.



Sonur minn, bróðir, mágur og föðurbróðir,

Þorsteinn Gylfason

prófessor

andaðist á Landspítalanum 16. ágúst 2005.

Útförin verður auglýst síðar.

Guðrún Vilmundardóttir

Þorvaldur Gylfason og Anna Karitas Bjarnadóttir

Guðrún Vilmundardóttir og Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Baldur Hrafn Vilmundarson

Gylfi Þorsteinn og Eyja Sigríður Gunnlaugsbörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Lilja Sigfinnsdóttir

Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

sem lést mánudaginn 15. ágúst á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, verður jarðsöngurinn mánudaginn 22. ágúst kl. 13.00 frá Garðakirkju.

Guðmundur H. Pétursson

Hrónn Pétursdóttir

Hildur Pétursdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Inga Sigríður Ingólfssdóttir

áður til heimilis að Rauðalæk 22, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 15. ágúst. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í dag, fimmtudaginn 18. ágúst kl. 15.00.

Steinnur Þorvarðsdóttir, Rik de Visser,

Steinn Helgason,

Sif, Salka og Egill,

Ólöf Þorvarðsdóttir, Jón Valur Jensson,

Ísak og Sóley Kristín.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

Einar Einarsson

frá Bjólu,

lést á Grund fimmtudaginn 4.ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Bestu þakkir til starfsfólks Grundar og Áss í Hveragerði. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

Unnur Einaradóttir
Hafsteinn Einarsson
og fjölskyldur

Kristinn Gunnarsson
Gíslína Sigurbjartsdóttir

Gíslína Sigurbjartsdóttir, Sigtúni, 851 Hella.

Vandaðir lúxus-hægindasófar með stillanlegu baki og skemli. Frábærir sjónvarps-sófar Leður á slitflötum



Sófi með leðri aðeins
139.000.-

sértilboð

Vandaður lúxus-hægindahornsófi með skemlum og borði, leður á slitflötum



~~2H2 259.000.-~~
~~2H2 199.000.-~~

~~2H3 279.000.-~~
~~2H3 229.000.-~~

Vandaður lúxus-hægindstóll með stillanlegu baki og skemli. Frábær sjónvarpstóll. Leður á slitflötum



Stóll með leðri
54.000.-

sértilboð

Glæsileg borðstofuhúsgögn úr gegnheilli eik



Skenkur 99.000.-
Glerskápur 135.000.-
Borðstofuborð 90x180 (2x45 cm stækkun) 69.000.-
Stólar m/leðri 17.900.-

ÚTSALA
10-40%
afsláttur

glæsileg vara - gerið góð kaup!

Veronica

179.000.-
Verð áður kr. 228.000.-



Vandað ítalskt leðursófasett 3+1+1
Litir: Ljós beige, koniaksbrúnt og dökkbrúnt



~~169.000.-~~
139.000.-

Sófasett með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrifa.
Litir:ljósbrúnt og grábrúnt



2 sæti + tunga

~~239.000.-~~
119.000.-

3 sæti + tunga

~~259.000.-~~
139.000.-

Nautaleður
Litir: Ljóst og svart



~~205.000.-~~
159.000.-

leðursófasett 3+1+1
litir:ljóst, svart og brúnt



~~59.000.-~~
49.000.-

Nautaleður



~~99.000.-~~
49.000.-

Nautaleður

Mikið úrval af hornsófum, sófasettum og hvíldarstólum

Opið

Virka daga kl.10-18
Laugard. kl.11-16
Sunnud. kl.13-16

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375



Úrvalsdeildarsæti undir

... KA tekur á móti Víkingum í 1. deild karla í kvöld í hálfgerðum úrslitaleik um hvort liðið kemst upp í Landsbankadeildina. Breiðablik er svo gott sem búið að tryggja sér sætið en liðið hefur 11 stiga forskot á næstu lið, Víkingar eru í 2. sæti með 29 stig og KA-menn hafa 27 stig í 3. sætinu. Það verður því mikið fjór á Akureyrarvelli í kvöld klukkan 19.00.

sport
sport@frettabladid.is

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN: Fyrirliðinn LÉK ALLAR 90 MÍNÚTURNAR GEGN SUÐUR-AFRÍKU Í GÆR

Ég mun alltaf svara kalli landsliðsins

Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirliði íslenska landsliðsins, sagðist í samtali við Fréttablaðið eftir leikinn í gær mjög ánægður með sigurinn og að hann hefði svarað gagnrýnisróddum sem hefðu verið á stjári í allt sumar. „Það voru einhverjar vangaveltur um að ég hefði verið að gera mér upp meidli í leiknum gegn Króatíu ytra fyrir í sumar en ég sýndi það í þessum leik að ég mun alltaf svara kalli landsliðsins,“ sagði Eiður, sem tekinn var af velli í leik Chelsea og Wigan um síðustu helgi vegna meiðsla og var um tíma efast um að hann gæti tekið

þátt í leiknum í gærkvöld. Eiður lék hins vegar allar 90 mínúturnar og gaf sig allan í leikinn. „Við höfðum þetta í hendi okkar allan tímann og þetta var sanngjarn sigur,“ sagði Eiður. Logi Ólafsson, annar landsliðspjálfaranna, tók í sama streng og kvæðst mjög ánægður með framgöngu lærisveina sinna. „Leikurinn fór nánast eins og við höfðum lagt hann upp. Við ætluðum okkur að fara fram með liðið en við höfðum verið að gera í síðustu

leikjum og reyna að láta boltann ganga betur innan liðsins. Þetta voru þau markmið sem við settum okkur fyrir leikinn; að láta liðið spila sem eina heild og það tókst,“ sagði Logi en ítrekaði jafnframt að liðið myndi ekki ofmetnað þrátt fyrir öruggan sigur gegn liði sem er rúmlega helmingi ofar á styrkleikalista FIFA:

„Þetta eru vissulega jákvæð úrslit fyrir okkur en við vitum að vitan eru til að varast. Við unnum góðan sigur á Ítölum á sama tíma í fyrra en misstum síðan niður um okkur buxurnar í næstu leikjum á eftir,“ bætti Logi við og greinilegt að hann ætlar að gera allt sem í sínu valdi stendur til að halda íslenska liðinu á jörðinni þrátt fyrir sannfærandi sigur í gær.

> Vissir þú að...

... Ísland hefur ekki tapað landsleik í ágúst mánuði í heilan áratug eða síðan að Svisslendingar unnu 0-2 sigur á Laugardalsvöllinum 16. ágúst 1995. Síðan þá hefur Ísland leikið tíu leiki í áttunda mánuði ársins, unnið níu þeirra (fjóra í röð) og gert eitt jafntefli. Markatalan í þeim er 25-6, Íslandi í vil.

> Við hrósum ...

... Íslenska landsliðinu sem hefur sýnt mikil batamerki í síðustu leikjum. Íslensku strákarnir hafa nú unnið tvo leiki í röð með markatölunni 8-2 og eru til alls líklegir fyrir leiki haustsins þar sem verkefnið verður þó mun erfiðara en gegn Möltu og Suður-Afríku.



19 MÖRK Í TVEIMUR LEIKJUM Árni Þór Sigtryggsson hefur skorað 19 mörk úr aðeins 24 skotum í 2 leikjum.

HM U-21 í handbolta:

Unnu annan stóran sigur

HANDBOLTI Íslenska 21 árs landsliðið í handbolta byrjar vel á Heimsmeistaramótinu í Ungverjalandi en liðið vann 20 marka sigur á Chile, 43-23, í öðrum leik sínum í gær. Leikurinn í gær var eins og sá fyrsti í fyrrkvöld létt upphitun fyrir leikina gegn Spáni og Þýskalandi sem eru á morgun og á laugardag. Þjóðverjar unnu Spánverja, 34-32, í einum af úrslitaleikjum riðilsins í gær og eru efstir ásamt Íslandi. Árni Þór Sigtryggsson var markahæstur í íslenska liðinu í gær með 12 mörk úr 14 skotum og þeir Ragnar Njálsson og Arnór Atlason skoruðu báðir fimm mörk en allir útileikmenn íslenska liðsins komust á blað.

Suður-Afríka átti aldrei möguleika

Íslenska landsliðið vann afar sannfærandi 4-1 sigur á arfaslökku s-afrísku liði í vináttuleik á Laugardalsvöllinum í gærkvöld. Mikil batamerki voru á leik íslenska liðsins og lofar frammistaðan góðu.

	4-1	
Ísland		S-Afríka

Laugardalsv., áhorf: xxxx • McKeon, Íslandi (x)

1-0 Grétar Rafn Steinsson (25.)
1-1 Delron Buckley (28.)
2-1 Arnar Þór Viðarsson (42.)
3-1 Heiðar Helguson (67.)
4-1 Veigar Páll Gunnarsson (73.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11-8 (7-2)
Varin skot	Árni Gautur 1 - Vonk 3
Horn	3-3
Aukaspjrnur fengnar	15-6
Rangstöður	7-2

FÓTBOLTI Lítið kom á óvart í byrjunarliði Íslands í leiknum í gærkvöld. Þjálfararnir héldu sig við 4-5-1 leikkerfið frá því í síðasta leik liðsins gegn Möltu og lék Eiður Smári Guðjohnsen sem fremsti maður á miðjunni fyrir aftan Heiðar Helguson.

Íslenska liðið sótti nokkuð hart að S-Afríkumönnum frá fyrstu mínútu og það var greinilegt að það átti ekki að leggjast í neinn varnarleik. Leikaðferð S-Afríku verður seint talin vera hefðbundin; liðið leikur afar svæfandi knattspyrnu með allt að sex miðjumenn sem náðu skiljanlega að spila ágætis reitabolta sín á milli gegn

fjórum miðjumönnum Íslands. En sóknartilburðir þeirra voru afar litlir og ekki bar á öðru en að íslensku leikmennirnir nyttu sín vel gegn slíkum leikstíl. Það var síðan staðfest á 25. mínútu þegar Grétar Rafn Steinsson kom Íslendingum verðskuldað yfir með fínum skalla eftir fyrirgjöf Indriða Sigurðssonar. Premur mínútum síðar jafnaði Delron Buckley metin úr fyrsta umtalsverða marktækifæri gestanna með því að fylgja eftir skoti Benni McCarthy. Markið var kolólöglegt þar sem Buckley var augljóslega rangstæður þegar skot McCarthy reið af. David McKeon, írskur dómari leiksins, gerði okkur hins vegar grikk, með því að dæma markið gilt, og var það í annað sinn í leiknum þar sem skömmu áður hafði hann neitað Kára Árnasyni um augljósa vítaspjrn.

Mörkin tvö voru það besta sem gat komið fyrir leikinn og blésu svo sannarlega nýju lífi í hann; Eiður Smári og Heiðar Helguson fengu báðir gullið tækifæri til að skora í sömu sókninni á 31. mínútu en Hans Vonk í marki S-Afríku varði meistaralega í tvígang. Hann kom þó engum vörnum við á 42. mínútu þegar Arnar Þór Viðarsson, af öllum mönnum, kom Íslendingum yfir á ný eftir góðan undirbúning Eids Smára.

Síðari hálfleikurinn var mun röglegr og tíðindaminni en sá fyrri; Íslendingar voru afslappaðir í sínum leik og með leikinn í hendi sér en jafnframt var furðulegt að sjá hversu lítið S-Afríkumenn reyndu að sækja miðað við að þeir væru marki undir. Áhugaleysi gestanna kom þeim í koll um miðjan hálf-



FJÖGUR MÖRK Markaður og varnarmaður Suður-Afríku horfa hér á eftir glæsilegum skalla Heiðars Helgusonar þenja netmóskvana á Laugardalsvöllinum í gær en íslenska landsliðið skoraði fjögur mörk í leiknum og vann sannfærandi sigur.

leikinn þegar Heiðar skoraði þriðja mark Íslands með fínum skalla eftir hornsþyrnu Veigars Páls Gunnarssonar. Fimm mínútum síðar bætti Veigar Páll við fjórða markinu með stórkostlegu skoti sem varð til þess að tryggja sigurinn endanlega.

Sigur íslenska liðsins var vissulega góður og sannfærandi en hins vegar má setja spurningarmerki við þá mótspyrnu sem S-Afríka reyndist vera. Áhugaleysið skein af leikmönnum þeirra og svo virð-

ist sem að það hafi tekið einum af mikið á að ferðast frá syðsta landi veraldar til nyrstu höfuðborgarinnar.

Hjá Íslandi skein leikgleðin hins vegar af leikmönnum, allir sem komu við sögu í leiknum stóðu fyrir sínu og flestir vel það. Í heildina var frammistaða Íslands afar sannfærandi og það að hún skuli hafa sigrað þjóð sem er í 38. sæti heimslistans er ekkert nema góðs viti og gefur góð fyrirheit upp á framhaldið.

FRAMMISTAÐA ÍSLENSKU LEIKMANNANNA GEGN SUÐUR-AFRÍKU

MARKIÐ:

ÁRNI GAUTUR ARASON 6
Gat ekkert gert í fyrsta markinu. Greip vel inn í þegar til þurfti og var öruggur.

VÖRNIN:

KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON 6
Eins og venjulega er varnarleikur hans fyrsta flokkur en sóknartilburðirnir eru varla til staðar. – Gylfi Einarsson (46., 5)
Komit lítið inn í leikinn en barðist vel.
STEFÁN GÍSLASON 7
Gríðarlega öflugur í loftinu og lenti aldrei í vandræðum með sóknarmenn S-Afríku.
AÐJUN HELGASON 7
Mjög öruggur í öllum sínum aðgerðum og tapaði varla návígi.
INDRIÐI SIGURÐSSON 7
Lagði fyrsta markið upp á mjög laglegan hátt og sinnti varnarskyldunni af festu og skynsemi. Yfir litlu að kvarta. – Haraldur

Guðmundsson (80.) Gerði engin mistök.

MÍÐJAN:

GRÉTAR RAFN STEINSSON 8
Mjög frískur á hægri kantinum í fyrri hálfleik og feikilega öruggur í bakverðinum þeim síðari. – Bjarni Ólafur Eiríksson (64., 6) Lék sinn fyrsta landsleik en það var ekki að sjá.
KÁRI ÁRNASON 8
Mjög duglegur á miðjunni og skilaði boltanum jafnan skynsamlega frá sér. Vann næstum öll návígi sín og hefði réttilega átt að fá víti í fyrri hálfleik. – Gunnar Heiðar Þorvaldsson (53., 5) Fann sig ekki á hægri kantinum.
ARNAR ÞÓR VIÐARSSON 7
Naut sín vel í sinni kjörstöðu á miðri miðjunni og gerði hlutina einfalt. Skoraði auk þess gott mark. – Jóhannes Harðarson (70., 5) Reyndi lítið á hann en hann dreifði boltanum ágætlega á mið-

unni.

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN 8
Byrjaði og endaði heldur rólega en þess á milli naut hann sín virkilega. Í öðrum klassa en aðrir á vellinum þegar hann tók sig til, en það er svo sem það sem búast má við af honum.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON 6
Var eilítið villtur og átti það til að vera kominn út úr sinni stöðu á vinstri vængnum. – Veigar Páll Gunnarsson (57., 7)
Lagði upp eitt og skoraði annað eftir að hafa komið inn á. Varla hægt að biðja um mikið meira.

SÓKNIN:

HEIÐAR HELGUSON 5
Náði sér alls ekki á strík, var lítið í boltanum og skortir greinilega leikæfingu. Skoraði hins vegar gott mark með sínu hættulegasta vopni – höfðinu.

ÓDÝRASTUR
0% alkohól

TENNISSKÓLI ÍSLANDS
Icelandic Spa and Fitness, Dalsmára 9, 200 Kópavogur
Vetrar tennisæfingar Tennisfélags Kópavogs, Víkinga, Þróttar, Hafnarfjarðar og Fjölnis hefjast 1. september. Æfingarnar eru fyrir 7 ára byrjendur alveg upp í landsliðsmenn. Einnig eru fullorðins námskeið í boði. Skráið ykkur á heimasíðunni okkar, WWW.TENNIS.IS

HOLE IN ONE
ÚTSALA
15% - 70% AFSL

ÚTSALAN HEFST Í DAG

15% - 70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

LÍTTU Á ÞESSI TILBOÐ!

- Callaway trékylfur - **50%** afsláttur
Dæmi: Big Bertha Driver - verð 23.900.- nú **11.950.-**
- Skór og fatnaður - allt að **70%** afsláttur
- Golfkerrur - allt að **50%** afsláttur - verð frá **1.800.-**
- Golfpokar - allt að **50%** afsláttur
Dæmi: Royal Club burðarpoki - verð **3.900.-**

OG SVO MIKLU, MIKLU MEIRA...



Hole in One
GOLFVERSLUN

Opnunartími:

Mán - fös.....10 - 19
Laugardaga.....10 - 16
Sunnudaga.....12 - 16

HVAD? HVENÆR? HVAR?

MÁÍ

15 16 17 18 19 20 21

Fimmtudagur

LEIKIR



- 19.00 ÍBV og Grindavík mætast á Hásteinsvelli í Landsbankad. karla.
- 19.00 KA og Víkingur mætast á Akureyrarvelli í 1. deild karla.
- 19.00 Fjölnir og HK mætast á Grafarvogsvelli í 1. deild karla.
- 19.00 Völsungur mætir Þór á Húsvíkuvelli í 1. deild karla.

SJÓNVARP

- 07.00 Olíssport á Sýn. Endursýnt á hálfri má fresti til 9.00 og svo 17.10.
- 16.40 Formúlukvöld á RÚV.
- 17.10 Olíssport á Sýn.
- 17.40 Danmörk – England á Sýn.
- 19.20 Króatía – Brasilía á Sýn.
- 21.00 PGA mótaröðin í golfi á Sýn.
- 22.00 Olíssport á Sýn.
- 22.30 Ungverjaland – Argentína á Sýn.
- 00.10 Strandblak á Sýn.

Danir flengdu Englendinga

Danir tóku Englendinga í kennslustund í vináttuleik á Parken í Kaupmannahöfn í gærkvöld en þetta var stærsta tap enska landsliðsins í 25 ár.

FÓTBOLTI „Ég er reiður og vonsvikinn yfir þessu tapi og ég sagði við strákana að ef þeir ætluðu sér að spila svona í framtíðinni, gætu þeir gleymt því að fara á heimsmeistaramótið“, sagði Sven-Göran Eriksson, landsliðsþjálfari Englands í gær, eftir að liðið tapaði 4-1 fyrir Dönnum í æfingaleik. Englendingar binda miklar vonir við landslið sitt á HM í Þýskalandi næsta sumar, en ef marka má frammistöðu liðsins í gærkvöld þarf Sven-Göran Eriksson að lesa hressilega yfir hausamótunum á sínum mönnum, sem voru teknir í bakariði af Dönnum á Parken í gærkvöld.

Fyrri hálfleikurinn var frekar tíðindalítil, en í þeim síðari gerði Eriksson nokkrar breytingar á liði sínu og setti m.a. David James í markið, sem gerði lítið annað en að sækja knöttinn í netið í hálfleiknum. Þeir Glenn Johnson og Jamie Carragher komu inn í stað Gary Neville og John Terry og það átti eftir að hafa skelfilegar afleiðingar í för með sér, þar sem ekki stóð steinn yfir steini í vörn Englendinganna. Fyrsta mark leiksins kom á 62. mínútu og um sex mínútum síðar var staðan orðin 3-0 fyrir Dani sem léku á als oddi, meðan vörn Englendinganna var eins og gatasigt. Þeir Dennis Rommendaahl, Jon Dahl Tomasson og Michael Gravgaard skorðu mörk danska liðsins og gerðu út um leikinn, áður en Wayne Rooney minnkaði muninn eftir frábæra sendingu frá David Beckham skömmu fyrir leikslok, en þeir voru yfirburðamenn í liði Englands. Niðurlægingu gestanna var þó ekki lokið, því Sören Larsen bætti við fjórða marki



STÓRSIGRI FAGNAÐ Danir unnu 4-1 sigur á Englendingum á Parken í Kaupmannahöfn í gær og fögnuðu vel í leikslok. Þetta var fyrsti heimasigur Danmerkur á Englandi frá því 1948 og aðeins sá þriðji í 17 landsleikjum þjóðanna.

Dana eftir varnarmistök í uppbótartímanum.

„Mér þótti fyrri hálfleikurinn þokkalega góður, en sá síðari var vægast sagt skelfilegur“, sagði Eriksson, sem ekki er vanur að víðra skoðanir sínar í viðtölum. „Það er eins og menn hafi haldið að þeir væru bara í fríi. Þeir gerðu ekkert rétt allan seinni hálfleikinn og ég er gríðarlega vonsvikinn“, sagði Eriksson.

„Það er alltaf hræðilegt að tapa leikjum á þennan hátt, en við megum samt ekki hengja haus yfir þessu, þetta var bara æfingaleikur eftir allt saman“, sagði David Beckham, fyrirlíði enska liðsins.

Zinedine Zidane fagnaði endurkomu sinni í franska landsliðið með því að skora eitt mark í 3-0

sigri á Fílabeinsströndinni en afmælisbörnin, William Gallas og Thierry Henry, sem báðir urðu 28 ára í gær, skorðu hin mörkin. Henrik Larsson átti einnig farsæla endurkomu inn í lið Svía sem unnu 2-1 sigur á Tékkum. Larsson kom Svíum yfir strax á 20. mínútu. Búlgarar sem eru með okkur í riðli eins og Svíar unnu 3-1 sigur á Tyrkjum þar sem góðkunni íslenska liðsins, Dimitar Berbatov, skoraði tvö markanna. Möltubúar gerðu 1-1 jafntefli við Norður-Íra, Ungverjar töpuðu 1-2 fyrir Argentínu og þá gerðu næstu mótherjar okkar Íslendinga, Króatar, 1-1 jafntefli gegn heimsmeisturunum Brasilíumanna. Króatar komust yfir eftir hálf tíma leik en Brassarnir jöfnuðu rétt fyrir hálfleik. **bb, óó**



UNDRABARNIÐ REKID ÚTAF Hinum unga Lionel Messi hjá Argentínu vikið af leikvelli eftir að hafa verið inni á vellinum í um hálfra mínútu.

Fjór í Ungverjalandi í gær:

Fékk rautt eftir 30 sekúndur

FÓTBOLTI Argentínnumenn þurftu ekki að sýna á sér sparihlíðarnar þegar þeir sóttu Ungverja heim í æfingaleik í gær og höfðu sigur 2-1, þrátt fyrir að leika manni færri síðustu 25 mínútur leiksins. Það var Maxi Rodríguez sem kom Argentínnumönnum yfir eftir 17 mínútna leik, en lærisveinar Lothar Matthaus náðu að jafna metin rétt fyrir lok fyrri hálfleiksins.

Það var loks varnarmaðurinn Gabriel Heinze hjá Manchester United sem tryggði Argentínnumönnum sigurinn í leiknum með glæsilegu skallamarki á 65. mínútu, en skömmu síðar var hinum unga og efnilega Lionel Messi hjá Argentínu vikið af leikvelli á óréttmætum hátt eftir að hafa verið inni á vellinum í um hálfra mínútu í sínum fyrsta landsleik.

Sannarlega grátbroslegt fyrir hinn unga leikmann Barcelona og ljóst að hann á ekki eftir að gleyma fyrsta landsleiknum sínum í bráð.

ATVINNA!

Rúmfatalagerinn óskar eftir verslunarfólki og afgreiðslufólki, í boði er fullt starf og hlutastarf. Góð laun í boði fyrir duglega einstaklinga. Mikil vinna í boði á líflegum og skemmtilegum vinnustað. Ör vöxtur fyrirtækisins gefur mikla möguleika á að vaxa í starfi.

Hæfniskröfur:

- Hressleiki
- Opin fyrir nýjungum
- Tilbúin að læra
- Reynsla af verslunarstörfum æskileg

Umsóknir sendist á rumfatalagerinn@rumfatalagerinn.is eða Smáratorgi 1 201 Kópavogur merkt „Atvinna“. Allar nánari upplýsingar veita verlsunarstjórar í verslunum Rúmfatalagersins milli 14:00 - 16:00. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Smáratorgi 1 200 Kópavogi 510 7000 Póstkrafa Smáratorgi 1	Holttagörðum v/Holtaveg 104 Reykjavík 588 7499	Skeifunni 13 108 Reykjavík 568 7499	Glerártorg 600 Akureyri 463 3333 Póstkrafa Glerártorg 463 3333
---	---	---	---

www.rumfatalagerinn.is

LEIKIR GÆRDAGSINS

Undankeppni HM 2006:

- 1. RIDILL:**
 Makedónía-Finnland 0-3
 0-1 Eremenko (7), 0-2 Eremenko (45.),
 0-3 Roiha (87).
 Rúmenía-Andorra 2-0
 1-0 Mutu (29), 2-0 Mutu (40).
- 2. RIDILL:**
 Kasakstan-Georgía 1-2
- 3. RIDILL:**
 Lettland-Rússland 1-1
 Liechtenstein-Slóvakía 0-0
- 4. RIDILL:**
 Færeyjar-Kýpur 0-3
 0-1 Konstantinou (39), 0-2
 Konstantinou, víti (86.), 0-3 Krassas
 (90).

Vínáttulandsleikir:

- Úkraína-Serbía og Montenegro 2-1
 1-0 Rebrov (61.), 2-0 Nazarenko (72.),
 2-1 Kezman (90).
 Ungverjaland-Argentína 1-2
 0-1 Maxi (17.), 1-1 Torghelle (29.), 1-2
 Heinze (62.).
 Eistland-Bosnía 1-0
 1-0 Viikmäe (35.).
 Búlgaría-Tyrkland 3-1
 0-1 Tekke (21.), 1-1 Berbatov (24.), 2-1
 Petrov (38.), 3-1 Berbatov (43.).
 Noregur-Sviss 0-2
 0-1 Frei (50.), 0-2 sjálfsmark (59.).
 Danmörk-England 4-1
 1-0 Rommedahl (60.), 2-0 Tomasson
 (63.), 3-0 Gravgaard (67.), 3-1 Rooney
 (87.), 4-1 Larsen (90.).
 Malta-Norður Írland 1-1
 0-1 Healy (9.), 1-1 Woods (35.).
 Pólland-Ísrael 3-2
 1-0 Szymkowiak (19.), 1-1 Badir (35.),
 1-2 Katan (46.), 2-2 Rasiak (77.), 3-2
 Rasiak (89.).
 Belgía-Grikkland 2-0
 1-0 Mpenza (19.), 2-0 Mpenza (24.).
 Svíþjóð-Tékkland 2-1
 1-0 Larsson (20.), 1-1 Koller, víti (22.),
 2-1 Rosenberg (25.).
 Austurríki-Skotland 2-2
 0-1 Miller (5.), 0-2 O'Connor (39.), 1-2
 Ibertsberger (83.), 2-2 Standfest (87.).
 Holland-Pýskaland 2-2
 1-0 Robben (3.), 2-0 Robben (46.), 2-1
 Ballack (49.), 2-2 Asamoah (81.).
 Írland-Ítalía 1-2
 0-1 Pirlo (10.), 0-2 Gilardino (31.), 1-2
 Red (32.).
 Wales-Slóvenía 0-0
- Frakkland-Fílabainsströndin 3-0
 1-0 Gallas (27.), 2-0 Zidane (62.), 3-0
 Henry (66.).
 Króatía-Brasíla 1-1
 1-0 Kranjcar (32.), 1-1 Ricardinho (42.).
 Spánn-Úrúgvæ 2-0
 1-0 Sjálfsmark (25.), 2-0 Vicente, víti
 (38.).
 Portúgal-Egyptaland 2-0
 1-0 Meira (50.), 2-0 Postiga (70.).

Landsbankadeild kvenna:

- Valur-ÍBV 3-1
 0-1 Olga Færseth (24.), 1-1 Laufey
